



# SAMEYKI

Tímarit Sameykis / 1. tbl. 2024 / sameyki.is

## Kröfugerðir vegna komandi kjarasamninga tilbúnar

Samninganefndir Sameykis hafa verið í markvissri undirbúningsvinnu fyrir komandi kjarasamninga. Kröfugerðir nefndanna eru tilbúnar fyrir fyrstu samningana sem losna í janúar og febrúar.

>> Bls. 6

## Velferðarkerfi á brauðfótum

Niðurstöður rannsókna Vörðu hafa ítrekað sýnt að þau velferðar- og stuðningskerfi sem ætlað er að gera fólki kleift að sjá fyrir sér og börnum sínum óháð hjúskaparstöðu hafa brugðist.

>> Bls. 12

## Hugum að velsæld starfsfólks á vinnustað

Áherslur í mannauðsmálum núorðið snúa að vellíðan og velsæld. Auknar kröfur eru gerðar til stjórnenda og vinnustaða um að hugað sé að velsæld starfsfólks þannig að það geti sýnt sínar bestu hliðar og náí að blómstra.

>> Bls. 16

# Aðförin að verkfallsrétti launafólks á Íslandi

Atvinnurekendur og ríkisstjórnin vilja veikja verkfallsrétt launafólks hér á landi. Þetta verkefni er nú á þingmálaskrá þessarar ríkisstjórnar. Baráttan fyrir betra samfélagi og varðstöðu um þau réttindi sem náðst hafa koma úr grasrót vinnandi fólks – stéttarfélögum launafólks á Íslandi, en ekki frá stjórnmalafólki eða hagsmunasamtökum atvinnulífsins sem jafnvel neita að mæta á samningafundi. Saga verkalyðsbaráttunnar sýnir að árangur næst með samstöðu launafólks og að verkfallsrétturinn telst heilagur innan verkalyðshreyfingarinnar.

>> Bls. 18

Ábyrgðarmaður  
Þórarinn Eyfjörð

Ritstjóri  
Axel Jón Ellenarson

Greinarhöfundar  
Guðrún J. Guðmundsdóttir  
Haraldur Jónasson  
Halldór Baldursson  
Hildur Hákonardóttir  
Ingibjörg Dís Gylfadóttir  
Íris Gefnardóttir  
Jóhanna Þórdórsdóttir  
Kristín Heba Gísladóttir  
Kristín Ósk Waage  
Þórarinn Eyfjörð  
Þórunn Helgadóttir

Prófarkalestur  
Bjarni Benedikt Björnsson

Forsíðumynd  
Forsíðumyndin er gerð með  
gervigreindarforriti AI

## EFNISYFIRLIT

- 4 Af vettvangi Sameykis
- 6 Kröfugerðir vegna komandi kjarasamninga
- 8 Styrktar- og sjúkrasjóður Sameykis
- 9 Brjóta reglur og trúnað við stéttarfélagin
- 10 Haustskýrsla Kjaratölfræðinefndar
- 12 Velferðarkerfi á brauðfótum
- 15 Gervigreindin heimsótt
- 16 Velsæld starfsfólks á vinnustað
- 18 Aðförin að verkfallsrétti launafólks
- 24 Störf trúnaðarmanna mikilvæg
- 26 Gott að vita! Vornámskeið
- 28 Fiskisúpan hans Hara
- 30 Af vettvangi Sameykis
- 34 Krossgátulausnir

Skrifstofa Sameykis  
Grettisgata 89 - 105 Reykjavík.  
Opíð mán. - fim. 9:00-15:00  
og fös. 9:00-13:00.  
Sími: 525 8330.

Netfang: sameyki@sameyki.is  
Veffang: sameyki.is  
ISSN: 1670-881

Prentun  
Prentmet Oddi. Tímarit Sameykis er prentað á umhverfisvænan og svansvottaðan pappír úr hringrásarferli Svansins. Einnig er tímaritið prentað með svansvottuðum jurталitum en ekki jarðolíulitum.



# Máttur samstöðunnar

Of er haft á orði að við Íslendingar kunnum að standa saman þegar á reynir. Við höfum fjölmörg dæmi um áföll og náttúruhamfarir þar sem þjóðin hefur þjappað sér saman og sýnt hug sinn í verki. Þessi samheldni líttar þjóðar þegar á reynir er eflaust birtingarmynd á lærdómi kynslóðanna. Við sem núna lífum getur sjálfsagt ekki ímyndað okkur þá erfiðleika sem fylgdu því að berjast á öldum áður fyrir lífi sínu og sinna á löngum myrkum vetrarmánuðum. Við þekkjum úr sögunni baráttu alþjóðunnar við hungur, vosbúð, kulda og sjúkdóma. Ég spurði eitt sinn gamlan bónda á Ströndum hvort satt væri að allir í hans sveit hefðu verið sósíalistar. Hann svaraði að hann héldi það nú. Það hefði ekki verið um neitt annað að ræða. Til að komast af á þessu harðbýla landsvæði þá hefði verið nauðsynlegt að standa saman. Annað hefði ekki verið í boði til að komast af.

Nú þarf íslensk þjóð að standa saman sem einn maður við að koma heilu bæjarfélagi til hjálpar. Grindvíkingar mega ekki undir neinum kringumstæðum fá á tilfinninguna að ekki hafi verið allt gert til að aðstoða þá við að ná lendingu í tilveru þeirra, hvort sem breytingar verða til frambúðar hjá fjölskyldum og einstaklingum sem þar hafa búið eða ekki. Þar eru ekki aðeins eignir undir heldur verður án efa nauðsynlegt að tryggja félagslega stöðu íbúanna og alla þá aðstoð sem þarf til að fólk nái ásættanlegri stöðu í líf sitt að nýju.

Það vita allir að þær aðgerðir sem þarf til í þessu verkefni núna kalla á mikil en sanngjörn útgjöld. Þau útgjöld verður að fjármagna sérstaklega og án þess að ráðamenn tali niður önnur samfélagsleg verkefni og hengi hatt sinn á að annað sé ekki hægt að gera í ríkisfjármálum

vegna þess að það sé verið að aðstoða Grindvíkinga. Með slíku tali er verið að kenna Grindvíkingum um að eðlileg samfélagsleg þróun geti ekki átt sér stað. Það má aldrei gera Grindvíkinga að blórabögglum vegna aðgerða eða aðgerðaleysis stjórnvalda. Við eigum að standa þétt saman í verkefninu þannig að fólk finni fyrir samstöðunni og geti verið þess fullvisst að samfélagið allt stendur að baki þeim.

Síðan þarf að sýna samstöðu á fleiri sviðum samfélagsins. Í þessu tímariti skrifar Kristín Heba Gísladóttir, framkvæmdastýra Vörðu – rannsóknarstofnunar vinnumarkaðarins, um lífsskilyrði launafólks og fólks á örorkulífeyri, endurhæfingarlífeyri og örorkustyrk. Rannsóknir stofnunarinnar sýna svo ekki verður um villst að þessi hópur samfélagsins hefur verið skilinn eftir í þeirri framfaravegferð sem við höfum verið á síðasta áhrundaðið. Það er mikið áhyggjuefni að okkar samfélag skuli láta það gerast að þessi hópur sé í raun dæmdur að stórum hluta til efnahagslegrar og félagslegrar fátæktar. Í því efni er það sérlega alvarlegt að börn einstæðra foreldra séu skilin eftir í aðstæðum þar sem þau hafa ekki möguleika á að vera þátttakendur í samfélagslegum þroska á sínu viðkvæmasta aldurskeiði.

Við höfum sýnt hvað býr í þessari þjóð þegar náttúruhamfarir dynja á samfélagi okkar. Við stöndum andspænis félagslegum og efna-hagslegum hamförum þegar kemur að hópi sem hefur það allra verst á íslenskum vinnumarkaði.

Hvenær ef ekki nú ættum við að stíga sameiginlega fram og tryggja að enginn verði skilinn eftir? ■



Þórarinn Eyfjörð  
Formaður Sameykis



# Orlofsblað Sameykis



Orlofsblað Sameykis fyrir árið 2024 verður borið út til félagsfólks í lok febrúar. Orlofsblaðið inniheldur allar nauðsynlegar upplýsingar um orlofseignir félagsins sem standa því til boða í sumar.

Einnig eru í blaðinu kynntar eignir sem verða einungis í dagleigu í sumar og eru þær merktar sérstaklega í flípa við hvert hús í blaðinu.

Sótt er um orlofsdvöl á Orlofshúsavef félagsins, [orlof.is/sameyki](http://orlof.is/sameyki).

Sameyki óskar félagsfólki sínu ánægjulegrar dvalar í orlofshúsum félagsins.



# Orlofslandið í Munaðarnesi nú í eigu aðildarfélaga BSRB

Rekstrarfélag orlofsbyggðar í Munaðarnesi (ROM) hefur gengið frá kaupum á 20 hekturum í landi Munaðarness. Að félaginu standa stéttarfélög innan BSRB sem eiga orlofshús á svæðinu. Ólafur Hallgrímsson, formaður rekstrarfélagsins ROM, sagði af þessu tilefni að aðildarfélögin hefðu með kaupunum á landinu tryggt framtíð orlofssvæðis aðildarfélaga innan BSRB í Munaðarnesi.

Ólafur sagði að stuttur tími hefði verið þangað til að leigusamningurinn rynni út. BSRB hefði leigt lóðirnar undir orlofshúsin alla tíð frá árinu 1969 en aðeins 18 ár hefðu verið eftir af leigusamningnum. Með það til hliðsjónar hefði getað skapast mikil óvissa um eignarhald landsins og þar með orlofshúsin og framtíð orlofssvæðisins.



Guðrún Soffía eigandi landsins, Ólafur Hallgrímsson, formaður rekstrarfélagsins ROM, og Gunnar Örn Gunnarsson, gjaldkeri ROM, að lokinni undirskrift kaupsamnings á landi í Munaðarnesi.

“

Það er mjög gott fyrir ROM að eyða ákveðnum áhyggjum, t.d. ef einhverjir aðrir en stéttarfélögin hefðu keypt landið. Það gæti skapað mikil vandræði og óvissu um framtíðina á orlofssvæðinu.

„Það er mjög gott fyrir ROM að eyða ákveðnum áhyggjum, t.d. ef einhverjir aðrir en stéttarfélögin hefðu keypt landið. Það hefði getað skapað mikil vandræði og óvissu um framtíðina á orlofssvæðinu. Hugsaðu þér ef að einhverjir,



Orlofssvæði aðildarfélaga BSRB í Munaðarnesi.



Orlofshús Sameykis í Munaðarnesi hafa öll verið endurbyggð með glæsilegum hætti undanfarin ár.

segjum einhverjir fjárfestar, hefðu keypt þetta land og ætlað sér eitthvað annað með það. Við gætum þá staðið frammi fyrir því að félögin yrðu jafnvel að fara með orlofshúsin af svæðinu. Það er óbærileg tilhugsun. Því er mjög gott að eyða þessari óvissu allri og geta litið björtum augum til framtíðar orlofssvæðisins, ef svo má segja, því nú eiga aðildarfélögin landið undir sín orlofshús,“ sagði Ólafur.

Hann sagði að landið, alls 20 hektarar að stærð, hefði verið boðið til kaups með stuttum fyrirvara og öll stéttarfélögin sem stóðu að kaupunum einróma samþykkt að gera gagntilboð sem var samþykkt og loks undirritað 10. janúar síðastliðinn. ■



Frá fundi í Trúnaðarmannaráði Sameykis þar sem samþykktar voru tillögur uppstillingar-nefndar í embætti formanns félagsins, stjórn og stjórnir sjóða félagsins.



Egill Heiðar Gíslason, formaður uppstillingar-nefndar, les upp tillögur nefndarinnar.



Gestur Jónsson, lögmaður, fór með fundarstjórn á fundi Trúnaðarmannaráðs.

# Tillögur uppstillingar-nefndar samþykktar

Uppstillingarnefnd kynnti tillögur sínar að uppstillingu til stjórnar Sameykis og í stjórnir sjóða fyrir næstu 3 ár á fundi Trúnaðarmannaráðs sem haldinn var 26. janúar sl. Formaður nefndarinnar, Egill Heiðar Gíslason, kynnti tillögurnar og Gestur Jónsson, lögmaður, fór með fundarstjórn.

Nefndin hvatti félagsfólk til að taka þátt í ábyrgðarstörfum innan félagsins og bjóða sig fram eða tilnefna þau sem talið væri að erindi ættu. Framboðum þurfti að skila inn til og með 10. desember 2023 á vef Sameykis. Hlutverk nefndarinnar er samkvæmt lögum félagsins (sjá 3. kafla) að stilla upp tillögu um formann og 14 manna stjórn, auk þess að stilla upp tillögum að fulltrúum í stjórnir Orlofssjóðs, Starfsmenntunarsjóðs, Styrktar- og sjúkrasjóðs, Vinnudeilusjóðs, Fræðslusjóðs og kjörstjórn um stjórn og stjórnarkosningu.

Uppstillingarnefnd leggur tillögur sínar fyrir Trúnaðarmannaráð sem

svo lagðar verða fyrir aðalfund Sameykis sem haldinn verður 21. mars nk.

Vakin er athygli á að ítarlegar upplýsingar um tillögur nefndarinnar í stjórnir sjóða félagsins er að finna á vef Sameykis. ■

## Stjórn Sameykis:

Formaður: Þórarinn Eyfjörð

14 meðstjórnendur:

Ása Guðmundardóttir  
Háskólanum á Akureyri

Bryngeir Arnar Bryngeirsson  
Frístundamiðstöðinni Gufunesbæ,  
Reykjavíkurborg

Egill Kristján Björnsson  
Fangelsismálastofnun

Herdís Jóhannsdóttir  
Fjármála- og áhættustýringarsvið,  
Reykjavíkurborg

Ingibjörg Sif Sigríðardóttir  
Orkuveitu Reykjavíkur

Ingunn Hafdís Þorlákssdóttir  
Seltjarnarnesbæ

Jón Brynjarsson  
Landspítala

Kári Sigurðsson  
Frístundamiðstöðinni Miðbergi,  
Reykjavíkurborg

Kristín Erna Arnardóttir  
Kvikmyndamiðstöð Íslands

Ólafía L. Sævarsdóttir  
Tryggingastofnun ríkisins

Rut Ragnarsdóttir  
Borgarbókasafni, Reykjavíkurborg

Styrmir Jónasson Olsen  
Klettabæ

Suzana Vranjes  
Sjúkratryggingum Íslands

Svanhildur Steinarsdóttir  
Menntamálastofnun

# Kröfugerðir vegna komandi kjarasamninga

Eftir Þórarín Eyfjörð

Samninganefndir Sameykis hafa núna verið í markvissri undirbúningsvinnu hver á sínu samningssviði. Sú vinna hófst með greiningarfundi Trúnaðarmannaráðs þann 11. desember síðastliðinn þegar um 200 trúnaðarmenn unnu að megináherslum og kröfum í komandi kjarasamningum.



Áhersluatriðin voru fjölbreytt og snertu alla kjarasamninga sem Sameyki gerir, en þeir eru 17 talsins. Samninganefndir félagsins hittust síðan á námskeiði og vinnufundi þann 15. janúar síðastliðinn, þar sem nefndirnar einbeittu sér að því að fullgera kröfugerðirnar.

Kröfur nefndanna eru tilbúnar fyrir fyrstu samningana sem losna í janúar og febrúar og nú er verið að vinna að lokaútfærslu kröfugerða fyrir samningana sem losna í lok mars. Fyrstu samningarnir eru við Isavia, Orkuveituna, Fríhöfnina, RARIK og RÚV og síðan eru samningarnir við Reykjavíkurborg, ríki og aðra aðila sem starfa að almannapjónustunni lausir þann 31. mars næstkomandi.



## Hugmynd um þjóðarsátt verður til

Fyrir síðustu áramót komu fram mjög ákveðnar og jákvæðar fréttir af viðræðum milli hluta verkalyðsfélaganna innan ASÍ og Samtaka atvinnulífsins. Þær fréttir snerust að mestu leyti um að unnið væri að því að koma saman samningum sem byggðu á hógværum launahækkunum, endurreisn bótakerfa og lækkun verðbólgu og vaxta. Rætt var um þjóðarsátt þar sem allir aðilar á markaði myndu leggja sitt af mörkum – allt góðar áherslur og nauðsynlegar. Um miðjan janúar slitnaði síðan upp úr þessu samtali, að sögn vegna þess að SA hugnaðist ekki að gera krónutöluhækkanir að forgangsatriði í samningunum.

Samningaviðræður er að sönnu aldrei fullreyndar og ekki er að vita hvort aðilar á almennum markaði nái saman á ný um einhvers konar tillögu eða hugmynd sem kemur þeim um borð í sama bát á ný. Eins og staðan er nú þá hefur þó enn ekki verið hægt að draga upp skýra mynd af því hvernig málin þróast á næstunni. Það sem við þó vitum er að félög innan ASÍ hafa verið að ræða sérmál sín sérstaklega við SA, þó að þau séu hluti af samflotinu og að þau félög innan ASÍ, sem ekki eru í umræddu samfloti, hafa vísað samningaviðræðum til sáttasemjara. Einnig vitum við að félög innan BSRB sem semja við SA hafa þegar hafið samtal við samtökin. Segja má að það sé alls konar í gangi á vinnumarkaðnum núna og óvissa allnokkur, en ef breið samstaða myndast á vinnumarkaði um sameiginlegar kröfur og trúverðuga aðkomu launagreiðenda, þá opnast að líkindum

Á trúnaðarmannaráðsfundi þann 11. desember síðastliðinn fór fram sameiginleg vinna trúnaðarmanna þvert á launagreiðendur og var megininntak þeirrar vinnu að greina áhersluatriði til að taka upp í komandi kröfugerðum. Á þeim fundi komu fram fjölmörg atriði og áherslupættir sem verið er að vinna með í kröfugerðum. Á sameiginlegum fræðslu- og starfsdegi allra samninganefnda innan félagsins, sem haldinn var þann 15. janúar síðastliðinn, unnu samninganefndirnar að frekari útfærslu hver í sinni kröfugerð og að síðustu eiga nefndirnar eftir að koma saman hver og ein og ganga frá lokaskjöllum áður en eiginlegar viðræður hefjast.

## Mál sem hvíla þungt á fólki

Fjölmargir þættir brenna á okkar félagsfólki um þessar mundir. Hvað varðar sameiginlega þætti hjá launþegahreyfingunni allri þá má nefna efnahagsþróun síðustu ára, stýrivaxtahækkanir, verðbólgu, hækkun húsnæðiskostnaðar ásamt fleiru. Þessi þróun hefur komið hart niður á launþegum og stórlega dregið úr kaupmætti ráðstöfunartekna. Ein helsta krafan er því að auka kaupmátt og verja hann frá því sem nú er. Einnig verður að grípa til árangursríkra aðgerða í að endurheimta sterk millifærslukerfi, endurmeta virði kvennastarfa, og brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla, svo eitthvað sé nefnt. Örug og fyrirsjáanleg framfærsla fjölskyldunnar er þannig samfélagslegt forgangsverkefni – nauðsynlegt er að tekin verði afgerandi skref í þá átt að tryggja launafólki fjárhagslegt



**Fjölmargir þættir brenna á okkar félagsfólki um þessar mundir. Hvað varðar sameiginlega þætti hjá launþegahreyfingunni allri þá má nefna efnahagsþróun síðustu ára, stýrivaxtahækkanir, verðbólgu, hækkun húsnæðiskostnaðar ásamt fleiru. Þessi þróun hefur komið hart niður á launþegum og stórlega dregið úr kaupmætti ráðstöfunartekna.**

möguleiki til að ræða kjarasamninga til lengri tíma. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að í samningum séu haldgóð forsenduákvæði (rauð strik) á tilgreindum tímasetningum. Ef ekki næst breið samstaða aðila þá gerir Sameyki ráð fyrir að skammtímasamningar verði raunin.

## Félagsfólk í Sameyki leggur línurnar

Sameyki gerir 17 fullvaxna kjarasamninga og á bak við hvern samning stendur sérstök samninganefnd. Samningar við flest opinberu hlutafélögin, sem eiga vel að merkja aðild að Samtökum atvinnulífsins, gilda til 31. janúar á þessu ári. Þar undir eru Orkuveitan, Fríhöfnin og RARIK og samningur RÚV er laus í lok febrúar. Það er síðan ekki fyrr en 31. mars nk. sem aðrir samningar félagsins renna út, en á þeim tímamarki eru samningar lausir við Reykjavíkurborg, ríkið, Klettabæ, Ás styrktarfélag, Vinakot, Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu, Samband íslenskra sveitarfélaga, Strætó bs., Félagsbústaði, Faxaflóahafnir og aðra launagreiðendur sem starfa í almannajónustu.

skjól og að reistir verði efnahagslegir varnargarðar sem tryggja að almenningur geti lifað án ótta um verri fjárhagslega afkomu.

Af einstökum kröfum á hendur launagreiðendum er fjölmargt sem fram kemur í kröfugerðunum. Má þar nefna afgerandi breytingar á betri vinnutíma í vaktavinnu og lagfæringar á fyrirkomulagi innan dagvinnunnar, marktæk og stór skref hvað varðar samkomulag um jöfnun launa á milli markaða, lagfæringar á yfirvinnutaxta, aukinn rétt vegna veikinda nákominna og veikindarétt vegna barna að 18 ára aldri, rétt til endurkomu í starf að loknum veikindum, fyrirkomulag persónuuppbóta, breytingar og þróun á stofnanasamningum og starfsmatskerfum, innleiðingu launaskriðstryggingar, rétt vegna mæðraskoðunar og tækniþróunar, bættan rétt vegna líkams- og munatjóna, og svo mætti lengi telja.


Ljóst er að samninganefndir félagsins vilja ræða fjölmargt við sína launagreiðendur. ■



# Félagsfólk í Sameyki nýtir vel styrktarsjóð félagsins

Eftir Ingibjörgu Dís Gylfadóttur og Írisi Gefnardóttur

Þann 1. janúar 2023 fjölgaði félagsfólki í Styrktar- og sjúkrasjóði Sameykis þegar félagsfólk stéttarfélagsins, sem áður var hjá Styrktar- og sjúkrasjóði BSRB, færðist yfir í Styrktar- og sjúkrasjóð Sameykis. Þá var allt félagsfólk loks sameinað í einn styrktar- og sjúkrasjóð. Ljóst var að umfang umsókna myndi aukast töluvert enda hefur félagsfólki fjölgað þónokkuð í sjóðnum. Mikið hefur mætt á starfsfólki sjóðsins á árinu vegna mikils fjölda umsókna en vinna við afgreiðslu styrkja úr sjóðnum hefur þrátt fyrir það gengið ljómandi vel.




## Tæplega ellefu þúsund umsóknir afgreiddar

Styrktar- og sjúkrasjóður Sameykis afgreiddi 10.905 umsóknir á árinu 2023 eins og meðfylgjandi súlurit sýnir en mesti fjöldi afgreiddra umsókna á árinu var í desembermánuði þegar alls 1.619 umsóknir úr sjóðnum voru afgreiddar.

Sjóðurinn greiddi á árinu alls 652.895.924 kr. úr sjóðnum. Því er ljóst að félagsfólk í Sameyki hefur verið duglegt að nýta sér styrki sem í boði eru úr þessum sjóð félagsins enda um fjölmarga styrki að ræða.

Sjúkradagpeningar voru stærsti liðurinn sem greiddur var úr sjóðnum, en samtals voru greiddar 312.529.573 kr. yfir allt árið. Þá voru greiddir út 397 fæðingarstyrkir sem er 7 prósent aukning frá árinu 2022 fyrir röskar 88 milljónir króna og tannlæknakostnaður fyrir tæpar 58 milljónir króna. Styrkur vegna líkamsræktar var vel nýttur á síðasta ári en 3.385 slíkir styrkir voru afgreiddir fyrir alls 71.475.221 kr. Þá var félagsfólk Sameykis einnig duglegt að nýta sér styrki

## Styrktar- og sjúkrasjóður Sameykis - Fjöldi afgreiddra umsókna á mánuði á árinu 2023\*



\*Afgreiddar umsóknir úr Styrktar- og sjúkrasjóði Sameykis á árinu 2023 voru samtals 10.905

vegna sjúkraþjálfunar en samtals voru 1.740 slíkir styrkir afgreiddir fyrir alls 28.857.186 kr.

## Styrkir hækkaðir

Um áramótin sl. var sú breyting gerð á reglum í sjóðnum, að styrkur vegna líkamsræktar var hækkaður upp í 25.000 kr. á 12 mánaða tímabili og sömuleiðis var styrkur vegna sjúkraþjálfunar hækkaður upp í 42.000 kr. á 12 mánaða tímabili.

Það liggur í augum uppi að Styrktar- og sjúkrasjóður Sameykis er vel metinn af félagsfólki og stjórn sjóðsins og starfsfólk fylgjast vel með þróun hans og eru vakandi fyrir velferð félaganna, einnig hvernig best er hægt að aðlaga sjóðinn að þörfum félagsfólks. ■

Höfundar eru verkefnastjórar sjóða hjá Sameyki.



# Brjóta reglur og trúnað við stéttarfélagin

Eftir Axel Jón Ellenarson

Fimm ára endurskoðun starfsmatskerfisins SAMSTARFS hefur staðið yfir í nokkurn tíma. Starfsmatið er kerfi þar sem starfsmönnum sveitarfélaga eru ákvörðuð grunnlaun með eins málefnalegum og hlutlægum aðferðum og hægt er. Í desember sl. tók Samband íslenskra sveitarfélaga einhliða ákvörðun um að senda drög að niðurstöðum starfsmats eftir endurskoðun til allra sveitarfélaga með þeim skilaboðum að taka mið af þeim frá 1. janúar 2024.



Var þetta gert án vitneskju stéttarfélaganna og ekki var búið að ljúka vinnunni né samþykka nýja starfsmatið af framkvæmdanefnd um starfsmatskerfið. Ágreiningur hefur verið um gildistíma nýja starfsmatsins en stéttarfélagin sem að því standa telja að það eigi að gilda frá 1. september 2021.

## Vinnureglur ekki virtar sem kveða á um samhljóða niðurstöðu

Fundur var haldinn í framkvæmdanefnd 15. desember sl. þar sem nýja starfsmatið var afgreitt að undanskildum störfum félagsliða á velferðarsviði og veitustörfum, en fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga sátu hjá við þá afgreiðslu. Það er andstætt vinnureglum starfsmatsins sem kveða á um samhljóða niðurstöðu.



Rétt er að taka fram fyrir þau sem ekki vita að Starfsmat sveitarfélaganna er viðvarandi samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborgar og stéttarfélaga innan BSRB, ASÍ og BHM auk annarra stéttarfélaga utan sambanda sem um það hafa samið í kjarasamningum. Markmið starfsmats er að tryggja að starfsfólki séu ákvörðuð laun með eins málefnalegum og hlutlægum aðferðum og hægt er og það á að leiða til þess að störfum sé raðað þannig til grunnlauna að þau séu hin sömu fyrir störf sem metin eru jafn krefjandi, óháð starfsstöðum, stéttarfélagi eða kyni, eins og segir á vef starfsmatsins. Þá kemur þar fram að starfsmatið er ekki mat á persónulegri hæfni starfsmanna í starfi, né mat á árangri starfsmanna í starfi eða mat á frammistöðu starfsmanna í starfi.

Ennfremur segir að mikilvægt sé að hafa í huga að starfsmat metur aðeins grunnkröfur til starfa en ekki einstaklingsbundna hæfni starfsmanna. Með öðrum orðum þá er lagt mat á hvaða kröfur eru gerðar til starfsmanns í tilteknu starfi. Ekki er lagt mat á einstaklingsbundna hæfni,

jafnvel þó umframhæfni eða hæfileikar hafi bein eða óbein áhrif á frammistöðu í starfi. Hægt er að kynna sér starfsmatið á heimasíðu þess, starfsmat.is.

Vegna þessa máls sem rakið hefur verið hér var eftirfarandi bókað af hálfu fulltrúa stéttarfélaganna:

## Bókun fulltrúa stéttarfélaga á fundi framkvæmdarnefndar um starfsmatskerfið SAMSTARF

Fulltrúar stéttarfélaga í framkvæmdanefnd um starfsmatskerfið SAMSTARF gera alvarlegar athugasemdir við einhliða ákvörðun fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga um að birta drög að niðurstöðum starfsmats við 5 ára endurskoðun. Fulltrúar stéttarfélaganna líta svo á að um algjöran trúnaðarrest sé að ræða. Vinna við endurskoðun hefur verið í gangi á vettvangi nefndarinnar sl. tvö ár. Með ákvörðuninni virtu fulltrúar Sambandsins algjörlega að vettugi starfsreglur framkvæmdanefndar starfsmats.

Í 7. gr. starfsreglnanna kemur fram að allar ákvarðanir nefndarinnar skuli vera samhljóða og séu fullnaðarákvarðanir. Í 10. gr. er fjallað um birtingu niðurstaðna starfsmats og er skýrt að það er hlutverk framkvæmdanefndar að samþykka og birta niðurstöður starfsmatsins.

Vinnu við endurmat starfa starfsmats er ekki lokið og hefur framkvæmdanefnd ekki samþykkt út úr nefndinni þá niðurstöðu sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur nú tekið ákvörðun um að birta sveitarfélögunum. Hingað til hefur ríkt algjör sátt um að fylgja starfsreglum starfsmatsins. Ákvörðun Sambandsins er fordæmalaus og með öllu óásættanleg. Þessi framganga Sambandsins stefnir áratuga samvinnu og samstöðu um starfsmatið í hættu.

Málinu er ekki lokið og munu stéttarfélagin halda til streitu kröfu sinni um gildistíma frá september 2021.

Starfsmatskerfið er greiningartæki sem er notað til að meta með kerfisbundnum hætti þær kröfur sem störf gera til starfsmanna. Kerfið byggir á hlutlægum viðmiðum sem notuð eru til að bera saman störf í samræmi við þær kröfur sem í störfunum felast, óháð hæfni þeirra sem þau vinna. ■

# Kaupmáttur launa dregst saman

Verðbólga étur upp hækkun launa



Mynd/Gervigreind AI

Eftir Axel Jón Ellenarson

Kjaratölfræðinefnd gaf út haustskýrslu sína í desember síðastliðnum. Nefndin er samstarfsnefnd ríkis, sveitarfélaga og heildarsamtaka á vinnumarkaði um tölfræði vegna kjarasamningsgerðar. Fulltrúar í henni koma frá ríki og sveitarfélögum, Samtökum atvinnulífsins og Hagstofu Íslands annars vegar og bandalögum launafólks hins vegar; ASÍ, BHM, BSRB og KÍ. Tilgangur skýrslunnar er að fyrir liggja áreiðanlegar upplýsingar og sameiginlegur skilningur aðila um laun og efnahag sem nýtast við undirbúning og eftirfylgni kjarasamninga á hverjum tíma. Ríkissáttasemjari hýsir nefndina og leggur til fundar- og starfsaðstöðu. Nefndin fjallar um gögn sem liggja til grundvallar kjarasamningagerð á hverjum tíma og eru grundvöllur fyrir launamyndun á vinnumarkaði.

Sigríður Ingibjörg Ingaóttir, hagfræðingur hjá BSRB, kynnti efni skýrslunnar nú í janúar fyrir starfsfólki stéttarfélaganna innan bandalagsins:

„Í skýrslu Kjaratölfræðinefndar um efnahagsmál kemur fram að kaupmáttur hefur aukist og skuldir sem hlutfall af eignum hafa minnkað. Á fyrri helmingi ársins 2023 hefur kaupmáttur rýrnað, þ.e. ráðstöfunartekjur heimilanna hafa dregist saman. Það skýrist fyrst og fremst af hækkun vaxtagjalda. Óraunhæft er að ná kaupmætti til baka eingöngu með kauphækkunum, meira þarf að koma til, m.a. lægri vextir og

minni verðbólga. Reikna má með að greiðslubyrði heimilanna vegna húsnæðislána muni að óbreyttu hækka,“ sagði Sigríður Ingibjörg.

## Hlutfall innflytjenda á vinnumarkaði hefur aldrei verið meira en nú

Heildarfjöldi starfandi dróst saman við upphaf heimsfaraldursins, en jókst á ný frá ársbyrjun 2021. Mest var tólf mánaða aukning á fjölda starfandi um 10 prósent. Í sögulegu samhengi er það mikil fjölgun og þó að dregið hafi úr fjölgar fólki á vinnumarkaði enn nokkuð hratt. Megnið af fjölgun starfandi síðustu tvö árin skýrist með erlendu starfsfólki. Hlutfall innflytjenda á vinnumarkaði er nú það mesta nokkru sinni. Rekja má 60 prósent af fjölgun starfandi frá 2019 til innflytjenda. Fjölgun starfandi á síðasta ári var mest á meðal fólks í einkennandi greinum ferðaþjónustu. Starfandi í þeim atvinnugreinum fjölgaði um 27 prósent frá 2021 til 2022 á sama tíma og heildarfjöldi starfandi á vinnumarkaði jókst um 7 prósent.

## Fjöldi opinberra starfsmanna sambærilegur síðustu áratuginna


Mestu sveifur hafa verið í fjölda starfandi í ferðaþjónustu síðustu árin í samanburði við aðrar atvinnugreinar. Störfum fækkaði töluvert árið 2020 en fjölgaði svo talsvert árið 2022 og fyrri hluta 2023, eða um samtals 10 þúsund. Hjá hinu opinbera hefur fjölgun starfandi verið nokkuð stöðug síðustu árin. Frá 2019 hefur störfum hjá hinu opinbera fjölgað um samtals 7 þúsund. Hið opinbera er hér skilgreint sem atvinnugreinarnar opinber stjórnarsýsla, fræðslustarfsemi,

heilbrigðis- og félagsþjónusta en hluti atvinnurekstrar í þessum greinum er þó í höndum einkaaðila. Hlutur opinberra starfsmanna á vinnumarkaði, það sem af er árinu 2023, er sambærilegur því sem verið hefur síðustu áratugi miðað við fjölda starfandi.

## Mikil verðbólga, minni kaupmáttur á mann

Í skýrslunni segir að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann hafi lítið breyst milli áruna 2021 og 2022. Þrátt fyrir að laun á mann hafi samkvæmt tekjuskiptingaruppgjöri ársins 2022 aukist um 13 prósent leiddu verðhækkningar og hækkningar á vaxtagjöldum heimila til þess að kaupmáttur minnkaði lítillega. Á fyrri helmingi þessa árs dróst kaupmáttur ráðstöfunartekna saman um 2,7 prósent miðað við fyrri helming 2022. Laun á mann hækkðu um 8,6 prósent á fyrri helmingi 2023 en á móti var mikil verðbólga þannig að kaupmáttur á mann minnkaði. Í fyrra var kaupmáttur launa óbreyttur á milli ára og á fyrstu þremur ársfjórðungum fyrri helmings 2023 jókst kaupmáttur launavísitölunnar um 0,8%. Aðrir þættir vógu á móti og ollu því að kaupmáttur ráðstöfunartekna minnkaði á fyrri hluta ársins. Miðað við nýjustu hagspá Hagstofu Íslands má búast við að verðlag hækki um ríflega 2 prósent á seinni hluta 2023. Því kann kaupmáttur ráðstöfunartekna að minnka enn meira. Síðustu ár jukust eignir og tekjur heimilanna umfram skuldir. Sú þróun var áfram árið 2022 þegar raunvirði fasteigna jókst og skulda minnkaði.

### Breyting milli ára á kaupmætti ráðstöfunartekna á mann og kaupmætti launavísitölu, 2014-2022



\*Launavísitala fyrir árið 2023 miðast við 3. ársfjórðung og kaupmáttur ráðstöfunartekna við 2. ársfjórðung

Heimild: Kjaratölfræðinefnd

## Mikil greiðslubyrði húsnæðislána eykst

Í skýrslunni kemur fram að hlutfall heimila með mikla greiðslubyrði af húsnæðislánum jókst frá 2020 og er útlit fyrir áframhaldandi aukningu. Þegar lítið er til húsnæðislána sem veitt voru frá 2020 voru um 4,5 prósent heimila með greiðslubyrði umfram 40 prósent í upphafi lánstíma. Miðað við raunverulega greiðslubyrði í júlí 2023 og uppfærðar tekjur er hlutfallið orðið tæp 9 prósent. Það eru einkum heimili með óverðtryggð lán á breytilegum vöxtum sem verða fyrir aukinni

greiðslubyrði. Af óverðtryggðum íbúðalánum til heimilanna er tæplega helmingur á breytilegum vöxtum. Því er útlit fyrir að hlutfall heimila með háa greiðslubyrði muni að óbreyttu hækka. Ef vextir óverðtryggðra íbúðalána með fasta vexti myndu við vaxtaendurskoðun hækka í þá breytilegu vexti sem bjóðast nú, myndi hlutfall heimila með greiðslubyrði umfram 40 prósent hækka úr 9 prósentum í 20 prósent.

## Ársverðbólga minnkar en verðlag hækkar

Ársverðbólgan minnkaði úr 10,2 prósentum í febrúar á síðasta ári í 7,6 prósent þegar lægst var í júlí. Það er mesta verðbólga síðan 2009. Í nóvember spáði Seðlabanki Íslands að verðbólga myndi minnka hægt á næstu misserum. Samkvæmt spánni fer verðbólga undir 5 prósent í lok árs 2024. Seðlabankinn spáir hægari lækkun á verðbólgu samanborið við spána frá í ágúst, m.a. vegna þess að

### Ársvöxtur vísitölu neysluverðs með og án húsnæðisverðs, 2019-2023 - Verðbólga



Heimild: Kjaratölfræðinefnd

spennan í þjóðarbúinu reyndist meiri en áður var talið og gengi krónunnar hefur veikt. Enn varar Seðlabankinn þó við því að hætta sé á að verðbólga verði meiri en spá bankans gerir ráð fyrir.

Þegar lítið er til undirliða verðbólgunnar má einkum rekja lækkun á verðbólgu síðasta árið til minni hækkana á húsnæði og lækkunar bensínverðs. Dregið hefur úr framlagi húsnæðisverðs til verðbólgunnar enda dró úr hækkun húsnæðisverðs á síðustu tólf mánuðum. Á móti komu áhrif vegna hækkana á innfluttum vörum, þjónustu og ýmsum öðrum liðum.

Í skýrslu Kjaratölfræðinefndar eru gnótt upplýsinga m.a. um efnahagsmál, vinnumarkaðinn, fjárhagsstöðu heimilanna í landinu, atvinnugreinarnar og umgjörð kjarasamninga á Íslandi. Hægt er að lesa og kynna sér efni skýrslunnar á vef Kjaratölfræðinefndar, [ktn.is](https://www.ktn.is) ■

#### Heimildir:

Kjaratölfræðinefnd. (2023). *Kjaratölfræði: Haustskýrsla 2023*. [https://www.ktn.is/files/ugd/1d4c05\\_a3caeba780c74d9e80551d678cf13b30.pdf](https://www.ktn.is/files/ugd/1d4c05_a3caeba780c74d9e80551d678cf13b30.pdf)

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir. (2023, janúar). *Kynning á skýrslu Kjaratölfræðinefndar* [erindi á fundi].

# Velferðarkerfi á brauðfótum

## Staða einhleypra foreldra

Eftir Kristínu Hebu Gísladóttur

Undanfarin ár hefur Varða – Rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins kannað líf skjör og líf skilyrði launafólks og fólks á örorkulífeyri, endurhæfingarlífeyri og örorkustyrk. Niðurstöðurnar sýna ítrekað sama mynstur þar sem staða einhleypra foreldra er verst.



## Tæplega fjórðungur býr við fátækt

Í könnun Vörðu um stöðu launafólks sem birt var í maí 2023 kom í ljós eins og árin á undan að fjárhagsstaða einhleypra foreldra sem eru á vinnumarkaði var verst á öllum þeim fjölmörgu mælikvörðum sem stofnunin notar. Þannig áttu ríflega sex af hverjum tíu einhleyfum foreldrum erfitt með að ná endum saman, tæplega sex af hverjum tíu gátu ekki mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar, tæplega helmingur hefur ekki efni á árlegu fríi með fjölskyldu og tæplega fjórðungur býr við efnislegan eða verulegan efnislegan skort – sem er í raun hlutfall þeirra sem búa við fátækt.

Sú slæma fjárhagsstaða sem einhleyfir foreldrar búa við öðrum fremur sést skýrt þegar litið er til þeirra sem hafa þurft að fá aðstoð frá ættingjum eða vinum í formi matar- eða peningagjafa. Meira en fjórðungur einhleypra foreldra hefur þurft slíka aðstoð. Auk þess er hlutfall þeirra sem eru á vinnumarkaði og þurft hafa fjárhagsaðstoð frá félags- eða hjálparsamtökum (5%) og mataraðstoð (5%) hæst á meðal einhleypra foreldra.

Slæm fjárhagsstaða þessa hóps á vinnumarkaði stigmagnast þegar litið er til einhleypra foreldra á örorkulífeyri, endurhæfingarlífeyri eða örorkustyrk. Tæplega níu af hverjum tíu eiga erfitt með að ná endum saman og litið lægra hlutfall gæti ekki mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum.

skóla, t.d. öskudags, sérstaks nestis eða skólaferðalags. Til viðbótar getur mun hærra hlutfall einhleypra foreldra ekki greitt kostnað vegna skipulagðra tórstunda sem ítrekað er lögð áhersla á að hafi mikið forvarnargildi fyrir börn. Auk þess getur fjórðungur einhleypra foreldra á vinnumarkaði og tæplega helmingur einhleypra foreldra á örorkulífeyri, endurhæfingarlífeyri og örorkustyrk ekki greitt kostnað vegna félagslífs barna sinna til dæmis að fara í afmæli, í bíó eða aðra afþreyingu með vinum. Í rannsókn Vörðu um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs kom fram að um þriðjungur einhleypra foreldra hafði ekki efni á samarnámskeiðum eða sumarbúðum fyrir börnin sín.

## Andleg líðan einhleypra foreldra mikið áhyggjuefni

Slæm andleg líðan og slæm fjárhagsstaða eru systur og það sést ítrekað í rannsóknunum Vörðu. Andleg heilsa þeirra hópa sem standa verr fjárhagslega er ávallt verri þrátt fyrir að ekki sé hægt að fullyrða um orsakasamhengið.

Í könnunum Vörðu sést bersýnilega að hæst er hlutfall einhleypra foreldra sem býr við slæma andlega heilsu. Það á við um helming einhleypra foreldra á vinnumarkaði og átta af hverjum tíu einhleyfum foreldrum sem eru á örorkulífeyri, endurhæfingarlífeyri eða örorkustyrk. Auk þess sýndi könnun Vörðu meðal foreldra barna á aldrinum 12 mánaða til 12 ára að herra hlutfalli einhleypra foreldra gekk illa að samræma fjölskyldulíf og atvinnu og bregðast við frí- og starfsdögum í skólasterfi barna sinna. Til viðbótar var um fimmtungur einhleypra foreldra með veikt félagslegt bakland og um þriðjungur hafði ekki kost á að fá barnapössun.

Þau viðamiklu gögn sem Varða hefur safnað undanfarin ár segja öll sömu sögu. Fjárhagsstaða einhleypra foreldra sem eru á vinnumarkaði er mun verri en annarra hópa og þegar staða þeirra sem eru á örorkulífeyri, endurhæfingarlífeyri eða örorkustyrk er greind sést að sú slæma staða stigmagnast í þeirra hópi og er óboðleg.

Til að bæta lífskjör barna í íslensku samfélagi þarf að styrkja stöðu einhleypra foreldra enda verða lífskjör barna og aðstæður aldrei slitin frá stöðu foreldranna. ■


Höfundur er framkvæmdastýra Vörðu – Rannsóknarstofnunar vinnumarkaðarins.

## Þær tölur sem fram koma í greininni eru úr eftirfarandi rannsóknunum Vörðu:

Kristín Heba Gísladóttir og Maya Staub. (2023). *Staða fatlaðs fólks á Íslandi: Niðurstöður spurningakönnunar meðal fólks með örorkumat, endurhæfingarlífeyri eða örorkustyrk*. Varða. [https://www.rannvinn.is/files/ugd/61b738\\_7fd8a5d39b6a4f658cb9c14cd87d2c82.pdf](https://www.rannvinn.is/files/ugd/61b738_7fd8a5d39b6a4f658cb9c14cd87d2c82.pdf)

Kristín Heba Gísladóttir, Maya Staub og Kolbeinn Hólmar Stefánsson. (2023). *Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs: Niðurstöður spurningakönnunar meðal foreldra barna á aldrinum 12 mánaða til 12 ára*. Varða. [https://www.rannvinn.is/files/ugd/61b738\\_8c725099850442528934919dfdf7378cc.pdf](https://www.rannvinn.is/files/ugd/61b738_8c725099850442528934919dfdf7378cc.pdf)

Maya Staub og Kristín Heba Gísladóttir. (2023). *Staða launafólks á Íslandi: Niðurstöður spurningakönnunar meðal félaga í aðildarfélögum ASÍ og BSRB*. Varða. [https://www.rannvinn.is/files/ugd/61b738\\_42efc9dccc153415fa4726d21f521985e.pdf](https://www.rannvinn.is/files/ugd/61b738_42efc9dccc153415fa4726d21f521985e.pdf)



## Velferðar- og stuðningskerfið hefur brugðist börnum

Niðurstöður rannsókna Vörðu hafa ítrekað sýnt að þau velferðar- og stuðningskerfi sem ætlað er að gera fólki kleift að sjá fyrir sér og börnum sínum óháð hjúskaparstöðu hafa brugðist. Sá hópur sem ber þyngstu byrðarnar af því eru börn einhleypra foreldra. Hærra hlutfall barna einhleypra foreldra býr ekki við sömu lífskjör og börn sambúðarfólks.

Fyrir það fyrsta hafa þau ekki tækifæri til að taka fullan þátt í skipulögðu skólasterfi. Það sést þegar litið er til þess að 12% einhleypra foreldra á vinnumarkaði og 32% einhleypra foreldra á örorkulífeyri, endurhæfingarlífeyri eða örorkustyrk, geta ekki greitt kostnað vegna viðburða í

# Tökum náð á gervigreindir

Eftir Jóhönnu Þórdórsdóttur

Gervigreind var valið orð ársins 2023. Já, hún er svo sannarlega mætt og nú þegar farin að hafa áhrif á flest, ef ekki öll svið okkar daglegu tilveru, hvort sem okkur líkar betur eða verr. Háþróuð gervigreindarforrit eins og OpenAI-ChatGPT, Google Gemini og Copilot-Microsoft AI eru í hraðri þróun. Gervigreindin birtist okkur víða og var til að mynda leynigestur í áramótaskaupinu á nýliðnu ári. Hún birtist líka í spjallmennum á vefnum, gervigreindardrífnum sýndaraðstoðarmönnum eins og Siri, Google Assistant og Alexa og sjálfkeyrandi bílum. Hún aðstoðar við myndgreiningar, t.d. í fjölskyldualbúnum í skýinu og býður upp á þýðingarforrit sem verða sífellt fullkomnari. Þá er gervigreindin öflug þegar greina á sjúkdómseinkenni og sérsníða meðferðaráætlanir svo eitthvað sé nefnt. Við stöndum frammi fyrir þeirri áskorun að læra inn á gervigreind. Í því felst að við þurfum að átta okkur á kostum hennar og göllum ásamt að þjálfa okkur í að nýta hana til gagns. Til að geta gert það þurfum við að skilja gervigreindina og hvað hún getur gert. Besta leiðin til að skilja er að prófa sig áfram og gefa sér tíma til að vera forvitin.

## Hlúum að forvitninni

Á ráðstefnunni OEB – Online Educa Berlin, sem undirrituð sótti í nóvember síðastliðnum, var fjallað um mikilvægi þess að hlúa að forvitninni í sjálfum sér og inni á vinnustöðum. Við lifum á tímum sem einkennast af stöðugum, ófyrirséðum, hröðum breytingum og upplýsingaflóði frekar en þekkingu. Rætt var um að forvitni þyrfti að verða sjálfsgaður hluti af vinnustaðamenningu til þess að stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök gætu dafnað á tímum hraðrar þróunar gervigreindar og tækni. Það fylgir jú engin handbók með gervigreindinni. Á einum fyrirlestrinum voru hugmyndir úr bókinni The Curious Advantage kynntar. Höfundar bókarinnar, þeir Paul Ashcroft, Simon Brown og Garrick Jones, lögðu áherslu á að við yrðum að nýta okkur kosti forvitninnar því hún hjálpaði okkur að læra meira, efla ákvarðanatöku, styrkja sambönd milli fólks og styðja okkur í að fara út fyrir boxið. Einnig ýtti hún undir nýsköpun, hjálpaði okkur að komast í gegnum breytingar og væri mikilvæg fyrir vellíðan okkar.

## Hvað er forvitni?

Til að forvitni virki þarf tvennt að koma saman, annars vegar viðhorfið að velta fyrir sér hlutum, leyfa sér að uppgötva og spyrja spurninga, og hins vegar getan til þess að kanna hlutina í kjölfarið. Það er ekki nóg að spyrja spurninga heldur þarf að taka það lengra með því að finna svörin. Hvort sem þú vilt vita eitthvað ákveðið, eins og merkingu orðs, eða læra nýtt tungumál og sögu fólksins sem talar það, felur forvitni í sér að kanna, spyrja spurninga, gera tilraunir og tengja saman hugmyndir, upplýsingar og þekkingu. Forvitni krefst aðgerða, eða með öðrum orðum er það að vera forvitinn að taka þátt í heiminum. Forvitni er lykilatriði í að lifa af og ná árangri í stafræna heiminum, segja höfundar bókarinnar. Hún ýtir undir samvinnu og sköpunarkraft og er í rauninni sú líflína sem starfsfólk þarf að grípa í þar sem sjálfvirki ógnar lífsviðurværi þess. Gervigreindin mun sjá um endurtekningar en við mannfólkið þurfum að sérhæfa okkur í því sem er óvenjulegt, persónulegt og skapandi, uppgötvunum og nýjungum.



## LÁTUM EKKI ÖTTANN VIÐ GERVIGREINDINA STOPPA OKKUR!

### HVAÐ ER GERVIGREIND?

Gervigreind (e. AI, Artificial Intelligence) er ákveðin grein tölvuvísinda sem reynir að endurtaka innri starfsemi mannhugans með flóknum tölvuforritum. Þessi forrit geta framkvæmt flókarni verkefni en mörg önnur forrit, þar á meðal

verkefni sem gætu krafist rökfræði eða getu til ákvarðanatöku. Sumar tegundir gervigreindar geta endurskoðað reiknirit sín út frá gögnunum sem þær taka inn og þannig bætt skilvirkni sína. Aðrar þurfa aftur á móti enn vinnu þróunaraðila til að bæta sig.

### DÖKKAR HLIÐAR GERVIGREINDAR

Dökku hliðarnar eru meðal annars þær að miklar breytingar eru að verða á störfum og ljóst að margir eiga eftir að þurfa að finna sér nýjan starfsvettvang. Þar mun virkilega reyna á getu okkar til að styðja þá sem lenda í þeim umskiptum þannig að þeir fái að vaxa og dafna. Ljóst er að til verða ný störf og því er mikilvægt að fólk fái tækifæri til að þróast. Síðan eru síðfræðilegar spurningar sem gervigreindin vekur og þarf að svara. Þessar spurningar snúa að notkun gervigreindar núna og til framtíðar, það er hvernig gervigreind og mannkyndi eiga í samskiptum.

Stærstu áhyggjuefnin eru í fyrsta lagi persónuvernd neytenda. Þar er togstreita á milli þess að gervigreindin þarfnast gagna til að þróast og þess að einstaklingar eiga rétt á að friðhelgi einkalífs þeirra sé virt. Hér

# nni með forvitni að vopni



Þessi umræða um forvitni styður einnig nauðsyn þess að ýta undir hugarfar vaxtar og mikilvægi þess að samþætta nám inn í vinnu og líf fólks. Í bókinni er farið yfir sjö mikilvægustu þætti forvitni sem starfsfólk, stjórnendur og leiðtogar verða að tileinka sér til að byggja upp forvitna menningu:

1. Getan til að setja hluti í samhengi. Það að geta spurt réttra spurninga og vita hvaða spurninga á að spyrja. Þú þarft að þjálf þig í að beita réttu verkfærunum, sem eru m.a. færni í tungumálinu, skilningur á hugtökum og getan að setja saman texta. Einnig er mikilvægt hér að búa til aðstæður þar sem ríkir sálfræðilegt öryggi og opinn hugar.
2. Samfélag er grundvöllur þess að forvitni dafni. Afrískt spakmæli segir: „Ef þú vilt komast hratt yfir, farðu einn. Ef þú vilt ná langt, skaltu ferðast með öðrum“ (Ashcroft o.fl., 2020, bls. 110). Við þurfum að vera í tengslum við fólk sem gegnir mismunandi hlutverkum til að geta sett hluti í samhengi, krufið innihald og komið í veg fyrir hlutdrægni.
3. Getan til að sía eða velja upplýsingar, reynslu og þekkingu, fara frá við sjónarhorni yfir í þrengra sjónarhorn, týnast ekki í gagnamergðinni. Getan til að velja á milli möguleika eftir því sem við lærum meira í gegnum það að vera forvitin.
4. Sköpun, það að búa yfir lausnamiðaðri nálgun á verkefni, taka sér tíma í að uppgötva og skoða hluti frá mismunandi sjónarhornum.
5. Uppbygging eða smíði (e. construction), getan að framkvæma, að komast frá því að spyrja spurninga yfir í áþreifanlegar aðgerðir, læra í gegnum það að framkvæma hluti og hræðast ekki mistök, þau eru til að læra af þeim. Stjórnendur eiga að verðlauna forvitni og tilraunir, hvort sem þær takast eða mistakast.
6. Gagnrýni, því án gagnrýnnar hugsunar verður forvitnin fórnarlamb falsfrétta, hlutdrægni og lyga. Efasemdir eiga rétt á sér og geta komið í veg fyrir að við samþykkjum rangar upplýsingar. Við þurfum að vera meðvituð um eigin hlutdrægni, bæði meðvitaða og ómeðvitaða.
7. Sjálfstraust er lykillinn að því að virkja forvitni. „Góðu fréttirnar eru þær að því meira sem við tökum fyrsta skrefið og förum í að svara forvitnilegri spurningu, frekar en að rökræða hana, heldur reynum í raun að gera eitthvað, skilja eitthvað og kanna samhengið, því öruggari verðum við.“ (Ashcroft o.fl., 2020, bls. 198) Við byggjum upp færni í að vera forvitin með því að tileinka okkur þessa þætti hér að ofan.

þarf t.d. að svara spurningum sem vakna um endurnýtingu á gögnum, líftíma gagna og notkun viðbótargagna sem fylgja með gögnum einstaklings sem gaf samþykki, til dæmis myndum eða myndböndum með öðru fólki í bakgrunni eða símtalaskrá. Í öðru lagi er áhyggjuefni að eftirlit með hegðun og athöfnum ásamt söfnun upplýsinga í þeim tilgangi að hafa áhrif á, stjórna eða stýra getur snúist í höndunum á okkur. Þá má einnig nefna að við þurfum að vera meðvituð um hlutdrægni gervigreindar þar sem hún byggir á því sem hún er mötuð með og þar þarf að huga að jafnræði og jafnarhópum.

## HVERNIG ENDURHUGSUM VIÐ SIÐFRÆÐI GERVIGREINDAR?

Við erum stödd á mikilvægum stað í þróun gervigreindar þar sem hraðinn í þróun hennar hefur verið slíkur að ekki hefur tekist að þróa samhlíða reglur og lagalega umgjörð um notkun gervigreindar, og úr því þarf að bæta. Gervigreindin hefur í raun komið aftan að okkur, smeygt sér inn í daglegt líf okkar án þess að við yrðum mikið vör við það. Við höfum samskipti við gervigreind á hverjum degi, t.d. í snjallsímanum okkar og á alþjóðlegum vettvangi, til þess að skapa traust í hugum okkar, að við getum treyst því að notkun gervigreindar sé örugg og um hana sé ákveðið regluverk.

### Heimildir:

Ashcroft, P., Brown, S. og Jones, G. (2020). *The curious advantage*. Laiki.

European Parliament. (2023, 19. desember). *EU AI Act: First regulation on artificial intelligence*. [www.europarl.europa.eu/news/en/headlines/society/20230601ST093804/eu-ai-act-first-regulation-on-artificial-intelligence](http://www.europarl.europa.eu/news/en/headlines/society/20230601ST093804/eu-ai-act-first-regulation-on-artificial-intelligence)

Tableau. (e.d.). *The ethics of artificial intelligence (AI)*. [www.tableau.com/data-insights/ai/ethics](http://www.tableau.com/data-insights/ai/ethics)

Gervigreindin getur virkað ógnvænleg og hún hefur vissulega dökkan hliðar sem við þurfum að vera meðvituð um. Síðan hefur hún sínar björtu hliðar sem við þurfum að nýta okkur því í henni leynast fullt af tækifærum. Við þurfum að finna forvitnina í okkur og prófa okkur áfram svo við sitjum ekki eftir með sárt ennið. Við getum t.d. byrjað á að nýta ChatGPT til að fá hugmyndir þegar við byrjum á nýjum verkefnum, líka þegar við þurfum að draga saman aðalatriði og við þýðingar. Við þurfum þó að vanda okkur þegar við setjum inn upplýsingar, að þær séu ekki persónugreinanlegar. Á ráðstefnunni kom fram að starfsfólk sem prófaði að nota OpenAI hefði óvart sett inn leynilegar upplýsingar tengdar starfi sínu hjá fyrirtæki. Allt sem fer inn í OpenAI verður þar inni og er ekki hægt að taka út.

Ef þú vilt kynna þér betur umræðu um forvitni þá er slóðin á vef um bókina [curiousadvantage.com](http://curiousadvantage.com). Einnig má nálgast hlaðvarp t.d. inni á Spotify um forvitni, leitið að THE CURIOUS ADVANTAGE PODCAST.

Verum forvitin! ■

# Hugum að velsæld starfsfólks á vinnustað

„Hægt er að rekja umræðuna um velsæld langt aftur í tímann og fjölluðu heimspekingar fyrri alda um hugtakið. Aristóteles fjallaði um „eudaimonia“ sem mætti þýða sem velsæld og hann taldi að væri æðsti tilgangur lífsins.“

Eftir Guðrúnu Jóhönnu Guðmundsdóttur og Hildi Halldórsdóttur

Fram kom í ávarpi og í viðtali við forseta Íslands nú um áramótin, í tengslum við ákvörðun hans um að gefa ekki kost á sér til áframhaldandi setu í forsetastól, að forsenda hans í starfi væri að hann hlakkaði til á hverjum degi að fara í vinnuna og að þjóðin ætti ekkert minna skilið. Betra væri að láta hjartað ráða en fylgja öðrum rökum sem hlytu að teljast veikari þegar allt kæmi til alls.



Með þessu getum við ályktað að hann leggi áherslu á að við upplifum vellíðan í starfi á hverjum degi sem hefur áhrif á að við gerum okkar besta alla daga. Getum við öll samsamað okkur við hans skoðun? Hvernig líður okkur í starfi?

Áherslur í mannauðsmálum núorðið snúa einmitt að vellíðan og velsæld. Auknar kröfur eru gerðar til stjórnenda og vinnustaða um að hugað sé að velsæld starfsfólks þannig að starfsfólk geti sýnt sínar bestu hliðar og náí að blómstra. Í þessari grein ætlum við að fjalla um velsæld á vinnustað.

## Hvað er velsæld?

Vönduð mannauðsstjórnun gengur í raun út á velsæld, jafnt starfsfólks og vinnustaða. Hún snýst um að stjórnendur axli ábyrgð og stígi inn í sitt hlutverk. Vandað sé til verka við ráðningar, að ráða hæft fólk, að það sé þjálfað og náí að vaxa í starfi. Að starfsumhverfið sé nærandi þar sem jákvæð og uppbyggileg vinnustaðamenning ríki.

Að tekið sé á erfiðum málum, sbr. erfiðum samskiptum og framkomu sem og frammistöðuvanda. Að fólk upplifi sig öruggt, að það geti tjáð skoðanir sínar og borin sé virðing fyrir

þeim. Kannanir sýna að samskipti á vinnustað eru einn stærsti þátturinn hvað varðar vellíðan á vinnustað. Að komið sé fram við okkur í starfi af virðingu, að við upplifum að séum metin að verðleikum og að traust ríki til stjórnenda.

Hægt er að rekja umræðuna um velsæld langt aftur í tímann og fjölluðu heimspekingar fyrri alda um hugtakið. Aristóteles fjallaði um „eudaimonia“ sem mætti þýða sem velsæld og hann taldi að væri æðsti tilgangur lífsins. Mörg trúarbrögð fjalla líka um velsæld í tengslum við trúarlega iðkun og siðfræði. Í stuttu máli þá snýst velsæld um hið heildræna, það sem hefur áhrif á okkur bæði utan frá og innan, tengingu á milli líkama og hugar.

Eins og forsetinn okkar lagði áherslu á þegar hann kynnti ákvörðun sína á að spyrja sjálfan sig hvað skiptir mestu máli og hvernig manni líður. Einnig má segja að við tölum um velsæld þegar við upplifum okkur örugg, erum metin að verðleikum, erum elskuð og finnum fullnægju í því sem við erum að gera. Margir fræðimenn sem fjalla um mannauðsstjórnun hafa skrifað um velsæld og er Liggy Webb ein af þeim. Hún hefur m.a. sett fram þessa mynd til að útskýra velsæld í stóra samhenginu með sjö þáttum velsældar:

1. Andleg velsæld sem snýr að sjálfsrækt og andlegri líðan.
2. Tilfinningaleg velsæld sem snýr að því að hafa betri stjórn á tilfinningum okkar.
3. Líkamleg velsæld, að við hugum vel að líkamlegri heilsu.
4. Félagsleg velsæld, að við eigum góð samskipti og tilheyrum hópi.



5. Fjárhagsleg velsæld, að við getum lifað við fjárhagslegt öryggi.

6. Stafræn velsæld, að við kunnum að umgangast tæknina okkur í hag, að hún skerði ekki okkar heilbrigði.

7. Umhverfisvelsæld, að við hugum að umhverfinu og náttúrunni.

## Velsæld á vinnustað

Velsæld á vinnustað snýr að öllum þáttum í starfsemi vinnustaðarins; aðbúnaði, öryggismálum, skipulagi og hvernig stjórnun er háttað. Að starfsfólk upplifi að það hafi tilgang í starfi, að unnið sé að settum markmiðum eða skýrri framtíðarsýn. Stuðlað er að heilðrænni heilsu starfsfólks með því að skapa umhverfi og aðstæður þar sem starfsfólk getur styrkt líkamlega heilsu. Jafnframt að starfsfólk fái stuðning og hvatningu til að styrkja andlega heilsu og sinna henni, sbr. stuðning vegna áfalla og að geta tekist á við streitu.

## Hvers vegna ættu vinnustaðir að huga sérstaklega að velsæld starfsfólks?

Með aukinni áherslu á velsæld er stuðlað að auknu heilbrigði starfsfólks sem um leið dregur úr veikindum og fjarveru. Með því er einnig stuðlað að aukinni helgun og starfsánægju sem getur skilað sér í aukinni framleiðni og árangri fyrirtækja og stofnana. Það má því segja að það sé til mikils að vinna að stuðla að velsæld á vinnustöðum.

Umræðan um geðraskanir og andleg veikindi í íslensku samfélagi hefur sjaldan verið meiri en nú og er helsta orsök örorku á Íslandi. Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin ni (WHO) eru andleg veikindi stærsta heilbrigðisógn í heiminum nú á dögum. Samkvæmt henni mun fjórðungur mannkyns einhvern tíma á ævinni glíma við andlega erfiðleika. Flestar þjóðir reikna orðið saman þann kostnað sem hlýst vegna veikinda starfsfólks og að undanförunu hafa andleg veikindi og kostnaður vegna þeirra sérstaklega verið skoðuð.

Samkvæmt könnunum Landlæknisembættisins, sem framkvæmdar eru reglulega, eykst hlutfall bæði kvenna og karla frá ári til árs sem meta andlegu heilsu sína sæmilega eða lélega.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2022 kemur fram að kostnaður ríkissjóðs vegna geðheilbrigðismála hafi aukist frá ári til árs. Beinn kostnaður vegna geðheilbrigðismála á árinu 2020 var um 13 milljarðar króna. Þá ber einnig að hafa í huga að á bak við þessa upphæð eru á níunda þúsund einstaklingar sem voru óvinnufærir að hluta eða að fullu vegna geðraskanana. Þá hafa framtíðarfræðingar spáð því að vinnustaðir eigi í auknum mæli eftir að sjá um heilbrigðisþjónustu fyrir sitt

starfsfólk og bera meiri ábyrgð á þeirra velsæld með áherslu á andlega heilsu. Það er því eðlilegt að á vinnustöðum séu umræður og vangaveltur orðnar algengari um hvernig hægt sé að hlúa sérstaklega að andlegri heilsu starfsfólks.

## Hvað er til ráða, hvernig getum við stuðlað að aukinni velsæld á vinnustöðum?

Mikilvægt er að vinnustaðir hvetji starfsfólk til að sinna og bera ábyrgð á eigin heilsu. Að það hafi svigrúm til að sinna eigin heilsu eins og þörf er á, án þess að það bitni á starfi þeirra. Það er hagur samfélagsins alls að stuðlað sé að góðri heilsu einstaklinga, bæði andlegri og líkamlegri. Með því að stuðla að betri heilsu á vinnustöðum eru meiri líkur á að starfsfólk njóti sín betur í starfi og að árangur náist.

Undanfarin ár hafa íslenskir vinnustaðir hvatt og hugað að líkamlegri heilsu starfsfólks, t.d. með ýmsum heilsuátökum og bættri aðstöðu á vinnustað. Í ljósi ofangreinds er sjónum í vaxandi mæli beint að andlegri heilsu. Hægt er að sjá mörg fordæmi bæði hér á landi og frá nágrannalöndum okkar þar sem vinnustaðir huga að fyrirbyggjandi aðgerðum hvað andlega heilsu varðar og hvernig hægt er að styrkja starfsfólk andlega. Nú virðist vera aukin þörf á að stjórnendur geti átt samtöl við starfsfólk um andlega heilsu þess og er það ekki síst til komið vegna yngri kynslóða á vinnumarkaði sem leggja meiri áherslu á opna umræðu um andlega heilsu. Styrkja og þjálf þarf stjórnendur til að taka þessi samtöl svo þeir séu betur í stakk búin til að styðja sitt starfsfólk og leiðbeina með mögulegar lausnir varðandi andlega heilsu. Auk þess hefur verið rætt um að þrautseigja og seigla geti verið mikilvægir þættir til að styrkja andlega heilsu. Vinnustaðir geta lagt áherslu á að styrkja þessa þætti með þjálfun og fræðslu. Einstaklingar geta styrkt sig í þrautseigju og allir ættu að geta fundið leiðir til að efla sig í þeim efnum.

Liggy Webb talar um nokkra þætti sem mikilvægt er að efla til að byggja upp innri styrk og þrautseigju. Þetta eru þættir eins og að hafa trú á sjálfum sér, efla jákvæðar hugsanir, ná að stýra tilfinningum sínum, óttast ekki ágreining, fagna breytingum sem eðlilegum hluta af lífinu, þjálf sig í að snúa áskorunum upp í tækifæri, forgangsraða eigin velsæld, skapa jákvæð tengsl, venja sig á að sleppa takinu og halda áfram, og síðast en ekki síst að eiga von, von um að allt eigi eftir að fara vel.

Þetta eru allt þættir sem við öll getum tileinkað okkur og æft okkur í. Við getum byrjað strax í dag svo að við eigum auðveldara með að takast á við áskoranir, m.a. í okkar starfsumhverfi.

Gangi ykkur vel! ■

Höfundar starfa hjá AUKI – mannauður og stjórnmendaráðgjöf.



# Aðförin að verkfallsrétti launafólks á Íslandi

*Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, flytur ræðu  
á Ingólfstorgi á baráttudegi launafólks 1. maí.*

Eftir Axel Jón Ellenarson  
Ljósmyndir: Haraldur Jónasson

Sonja Ýr Þorbergsdóttir skrifaði grein á Vísi rétt fyrir jólin. Þar gagnrýndi hún harðlega ímyndarherferð Samtaka atvinnulífsins og þá aðför sem hagsmunasamtök atvinnurekenda standa í til að reyna að svipta launafólk verkfallsréttinum.



### Valdaójafnvægi milli launafólks og atvinnurekenda

Formaður BSRB sagði í greininni að það væri lögbrot þegar viðsemjendur mættu ekki til samningafundar, og að hægt væri að sækja framkvæmdastjóra SA með lögregluvaldi á boðaða samningafundi hjá ríkissáttasemjara. Sigríður Margrét Oddsdóttir, framkvæmdastjóri SA, sagðist í fjölmiðlum ekki ætla að mæta á samningafund með FÍF, Félag íslenskra flugumferðarstjóra, nema stéttarfélag þeirra frestaði verkfallsaðgerðum.

Sonja Ýr sagði að herferð SA fæli í sér hvatningu til stjórnvalda um að auka valdheimildir ríkissáttasemjara til að fresta verkföllum og þannig veikja verkfallsrétt launafólks. Hún sagði að öll samtök launafólks hefðu mótmælt slíkum breytingum harðlega enda myndi það ýta undir valdaójafnvægi milli launafólks og atvinnurekenda.

Formaður SAF (Samtök ferðaþjónustunnar), Bjarnheiður Hallsdóttir, sagði í útvarpsþættinum Sprengisandi fyrir jólin að hún hefði fyrir hönd sinna hagsmunasamtaka krafist þess að sett yrðu lög á aðgerðir flugumferðarstjóra „og það umsvifalaust“ og benti á í viðtalinu að slíkt væri gert á hinum Norðurlöndunum. Hún sagði að tekjutapið af verkfalli flugumferðarstjóra hlypi á milljörðum króna og að krafist yrði skaðabóta til ríkisins vegna þeirra.

### Innviðaráðherra stendur með SA gegn launafólki í kjaradeilu

Undir þessi sjónarmið Bjarnheiðar Hallsdóttur og Sigríður Margrétar Oddsdóttur tók Sigurður Ingi Jóhannsson innviðaráðherra, þegar hann sagði að „engin stemning væri í samfélaginu fyrir verkfalli flugumferðarstjóra“. Þá væru jólin að koma og svona. Á sama tíma greindu fjölmiðlar frá því að frumvarp um lagasetningu á verkfallsaðgerðir væri tilbúið í Innviðaráðuneytinu og að andstaða gegn kjarabaráttu flugumferðarstjóra væri mikil meðal kjörinna þjóna almennings á Alþingi.

„[...] ég hef sagt að það sé mikill ábyrgðarhluti að vera í svona aðgerðum á þessum tíma rétt fyrir jól og beint ofan í þær náttúruhamfarir sem hafa sannarlega kostað samfélagið verulega hluti og ekki síst kannski ferðaþjónustuna,“ sagði Sigurður Ingi rólegri röddu í fjölmiðlum.

Það er auðvitað mjög dapurlegt ef að innviðaráðherrann skuli hafa þennan skilning á hvernig launafólk beitir sér í sínum aðgerðum til að ná fram sanngjörnum kjarabótum, en hann stendur keikur með atvinnurekendum. Tímarpunkturinn sem valinn er til að fara í vinnustöðvanir er í eðli sínu ákveðinn til að knýja aðila að samningaborðinu. Verkfallsréttinum er beitt sem

lokaúrræði ef viðsemjendur sýna slíkan trega eins og raun bar vitni í þessu tilfelli. Þannig er verkfallsvopnið það sterkasta sem launafólk getur beitt í sinni kjarabaráttu til að ná fram samtali og knýja á um kjarasamninga og beitir því aðeins að vel athuguðu máli þegar öll sund virðast lokuð.



Sonja Ýr Þorbergsdóttir.

Ljósmynd: BSRB



„Að lýsa embættinu sem kaffistofu endurspeglar skort á virðingu við verkefnið. Samlíkingin með kaffistofuna er líklega gerð til að renna stoðum undir ósk SA sem felur í sér auknar valdheimildir ríkissáttasemjara til að fresta verkföllum. Öll samtök launafólks hafa mótmælt slíkum breytingum harðlega enda myndi það ýta undir valdaójafnvægi milli launafólks og atvinnurekenda.“

-Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, í grein á Vísi 18. desember sl.

### Methagnaður ferðaþjónustunnar

Hagnaður ferðaþjónustunnar á síðasta ári nam 23,4 milljörðum króna sem var mesti hagnaður í greininni síðan árið 2017. Erlendum ferðamönnum fjölgaði um 1 milljón á síðasta ári miðað við árið 2021 og voru þeir 1,7 milljón yfir allt síðasta ár. Aukinn fjöldi ferðamanna átti stærstan þátt í að greinin skilaði mettekjum upp á 748 milljarða króna í fyrra. Ferðaþjónustan er í 11 prósentu virðisaukaskattsprei á meðan aðrar atvinnugreinar eru í 24 prósentu virðisaukaskattsprei. Í þessu

metári í tekjum kvarta hagsmunaaðilar sáran að þurfa að gera kjarasamninga við flugumferðarstjóra. Einhverjir myndu kalla það græðgi. Sigríður Margrét Oddsdóttir segir að hagkerfið gæti orðið af um 1,2 milljörðum króna í tekjur vegna minni neyslu ferðamanna fyrir hvern dag vegna verkfalls flugumferðarstjóra um leið og samtökin sem hún er í forsvari fyrir vilja ekki semja um að hækka grunnlaun, sem eru rétt undir 700 þúsund krónum,

minnka vaktaálag og draga úr óhóflegri yfirvinnu. Hún sagði í fjölmiðlum að ISAVIA og SA myndu ekki þiggja fundarboð frá ríkissáttasemjara nema flugumferðarstjórar aflýstu aðgerðum sínum sem þeir svo gerðu vegna eldgoss á Reykjaneskaga eins og alþjóð veit.

Íslenskir lobbístar, hvort sem þeir starfa á Alþingi eða ganga



## Verkfallsrétturinn og störf ríkissáttasemjara á „hinum Norðurlöndunum“

Eins og áður sagði beita bæði ráðamenn og hagsmunaaðilar gjarnan fyrir sig fyrirkomulagi í kjaradeilum á „hinum Norðurlöndunum“ þegar þeir tala fyrir því að veikja verkfallsrétt launafólks með því að auka valdheimildir ríkissáttasemjara til að koma í veg fyrir verkföll. Ef stjórn málin myndu styðja launafólk í landinu myndi þau auðvitað ekki tala fyrir því að veikja verkfallsréttinn, þvert á móti, tala um hann af sömu virðingu og verkalýðshreyfingin.

### Aldrei verið sett lög á verkföll

Í samtali við Thomas Lynge Madsen yfirmann greiningar hjá HK Stat stéttarfélagi í Danmörku sagði hann að þar í landi væri það svo, að ef annar eða báðir aðilar í kjaradeilu biðja um aðstoð ríkissáttasemjara, þá getur hann veitt hana. Ríkissáttasemjari getur líka frestað verkfalli eftir tvær vikur í árangurslausum viðræðum og í sumum tilfellum framlengt frestun verkfalls í tvær vikur til viðbótar. Hins vegar getur ríkissáttasemjari ekki komið í veg fyrir verkföll launafólks lengur en það. Þá verður verkfall þar til aðilar finna sjálfir lausn í deilunni. Ef svo heldur áfram getur ríkisstjórnin gripið inn í deiluna með lagasetningu, „regeringsindgreb“, og stöðvað verkfallið, en þá þarf að vera meirihluti fyrir því á danska þinginu. Hins vegar hefur ekki komið til þess á dönskum vinnumarkaði að þessu ákvæði hafi verið beitt á danska þinginu.

„Hið svokallaða grunnsamkomulag, „Hovedaftale“, á dönskum vinnumarkaði rekur uppruna sinn aftur til ársins 1899. Vitnað er í grunnsamkomulagið sem „stjórnarskrá“ danska vinnumarkaðarins. Í þeirri sátt um fyrirkomulag á vinnumarkaði (Forligsinstitutionen) segir að launafólk geti farið, eigi rétt á að fara, í verkföll á dönskum vinnumarkaði. Vinnuveitendur í Danmörku styðja þetta grunnsamkomulag enn í dag.

### Reynt á sáttina

Fyrir nokkrum árum áttu kennarar í vinnudeilu í Danmörku og kom til álitna að setja lög sem hefðu valdið því að þeir gætu



Thomas Lynge Madsen hjá HK Stat stéttarfélagi í Danmörku.

ekki farið í verkfall. Frá þessu var fallið en í kjölfarið var ILO, Alþjóða vinnumálastofnuninni, gert formlega viðvart um áform dönsku ríkisstjórnarinnar að veikja rétt launafólks til að hefja verkfall. Sama var uppi á teningnum þegar norskir kennarar fóru í verkfall, og þeir kvörtuðu einnig undan áformum norskra stjórnvalda um að koma í veg fyrir verkföll þeirra til ILO,“ sagði Thomas Lynge.

### Stéttarfélagsaðild styrkir samningsstöðu

Þá sagði hann að helstu áhyggjur norrænna stéttarféлага í tengslum við kjarasamninga snúa að minnkandi stéttarfélagsaðild innan landanna en mikill fjöldi starfsfólks sem fellur undir kjarasamninga stendur utan stéttarféлага.

„Ef það er ekki nógu margt launafólk með félagsaðild í stéttarfélögum munum við í Danmörku og víðar á Norðurlöndunum eiga í miklum vandræðum, því það veikir samningsstöðuna stórlega. Þá er það sérstakt vandamál að semja fyrir fólk sem starfar sem verktakar, bæði á opinberum og almennum vinnumarkaði.“ ■

erinda sérhagsmunaaðila, reyna að rugla umræðuna, launafólk og almenning, með því að vísa til hinna Norðurlandanna sem fyrirmyndar um hvernig vinnumarkaðnum sé háttað. Þar sé allt svo gott og til fyrirmyndar. Íslensk verkalyðshreyfing gerir það vitaskuld ekki því félagsaðild í stéttarfélögum er sá styrkur sem þarf til að fara í verkfall og krefjast samfélagsbreytinga ef svo ber undir. Það er reyndar svo að verkalyðssamtök á „hinum Norðurlöndunum“ og víðar í Evrópu líta öfundaraugum til Íslands. Á þingi PSI, heildarsamtaka starfsfólks sem starfar í opinberri þjónustu í 152 löndum, sem fram fór síðastliðið haust í Genf, átti fulltrúi BSRB samtali við Dave Prentis þáverandi forseta samtakanna þar sem félagsaðild launafólks í stéttarfélögum bar á góma. „Þú veist herra Prentis að á Íslandi er launafólk næstum allt í stéttarfélögum samkvæmt landslögum?“ Hann sagðist vita það og þannig hefði það verið í Bretlandi þangað til nýfrjálslyggjan komst til valda. „Then the Tories came to power!“, svaraði Dave og vísaði þar í valdatíð Margrétar Thatcher.



Dave Prentis á þingi PSI sl. haust.

Ljósmynd: Sameyki/Axel Jón

## Ríkisfyrirtæki greiða meira en tvö hundruð milljónir króna á ári til samtaka í atvinnulífinu

Í svari fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Jóhanni Páli Jóhannssyni á Alþingi um aðild ríkisfyrirtækja að Samtökum atvinnulífsins námu greiðslur í formi félagsgjalda hjá ríkisfyrirtækjum á árinu 2021 til samtaka í atvinnulífinu tæplega 225 milljónum króna. Í svari til þingmannsins kemur fram að eftirfarandi ríkisfélög eiga aðild að Samtökum atvinnulífsins og aðildarsamtökum þeirra, þar á meðal Samtökum verslunar og þjónustu, Samtökum iðnaðarins, Samorku, Samtökum ferðaþjónustunnar og Samtökum fjármálafyrirtækja: Betri samgöngur ohf., Fríhöfnin ehf., Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf., Isavia ohf., Íslandsbanki, Íslandspóstur hf., Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs, Landsbankinn hf., Landsvirkjun, Mátis ohf., Neyðarlínan ohf., Orkubú Vestfjarða ohf., RARIK ohf., og Ríkisútvarpið ohf.

Þá vill ráðherra félags- og atvinnumála og þingmenn Sjálfstæðisflokksins ásamt ríkisstjórninni auka valdheimildir ríkissáttasemjara sem gæfi honum völd að jafnvel taka verkfallsréttinn af launafólki sem stendur í kjarabaráttu. Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra er með slíkt frumvarp tilbúið samkvæmt þingmálaskrá. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar stendur:

„Styrkja þarf hlutverk ríkissáttasemjara til að bæta

“

Í yfirliti um stöðu verkefna í stjórnarsáttmálanum kemur fram að ráðherra hafi skipað starfshóp í júní 2023 sem hafði meðal annars það hlutverk að kanna hvort og þá hvernig rétt væri að styrkja enn frekar hlutverk og heimildir ríkissáttasemjara hér á landi.

undirbúning og verklag við gerð kjarasamninga, fækka málum sem lenda í ágreiningi og tryggja að kjaraviðræður dragist ekki úr hófi fram, til að mynda með standandi gerðardómi í kjaradeilum sem eykur fyrirsjáanleika og réttaröryggi deiluaðila.“

## Frumvarp að lögum um auknar valdheimildir ríkissáttasemjara á þingmálaskrá

Slíkt lagafrumvarp er aðför að sjálfsögðum rétti verkalyðshreyfingarinnar að hefja verkföll, en einnig aðför að lýðræðinu í landinu þegar grasrót vinnandi fólks fer fram og krefst betri kjara og réttlætis fyrir alla. Hvernig á ríkissáttasemjari að gæta hlutleysis og sanngirni með auknum valdheimildum sem geta svipt launafólk réttindum sínum til verkfalla? Hvaða þrýstihópar eru þar að baki?

Í yfirliti um stöðu verkefna í stjórnarsáttmálanum kemur fram að ráðherra hafi skipað starfshóp í júní 2023 sem hafði meðal annars það hlutverk að kanna hvort og þá hvernig rétt væri að styrkja enn frekar hlutverk og heimildir ríkissáttasemjara hér á landi. Þar kemur fram að verkefnið að auknum valdheimildum ríkissáttasemjara og skerðingu á verkfallsréttinum sé hafið. Áður hafði komið fram að hlutverk og heimildir ríkissáttasemjara á Norðurlöndunum hefðu verið skoðaðar en meta þyrfti í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins hvort rétt væri að leggja til breytingar hér á landi.

Frumvarpið nefnist Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938 (störf ríkissáttasemjara) og verður lagt fram á vorþingi. Í frumvarpinu verða lagðar til breytingar á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur þar sem meðal annars verður litið til vinnu starfshóps sem fengið hefur það hlutverk að leggja fram tillögur til að skýra formlegt gildi miðlunartillagna ríkissáttasemjara, forsendur framlagningar og heimildir embættis ríkissáttasemjara til að knýja á um atkvæðagreiðslu um slíkar tillögur eftir að þær hafa verið lagðar fram. Jafnframt er hlutverk starfshópsins að kanna hvort, og þá hvernig, rétt sé að styrkja enn frekar hlutverk og heimildir



ríkissáttasemjara hér á landi, samanber markmið sem fram koma í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

Á mannamáli þýðir þetta að ríkisstjórnin og varðhundur hagsmuna atvinnulífsins, sem svo oft eru kallaðir, styðja aðförina að verkfallsrétti launafólks á Íslandi.

### Alþjóðasamtök vara við aðför stjórnmalanna að launafólki

PSI hefur bent á að stjórnmalafólk sé ekki hornsteinn líðræðisins heldur fólkíð sjálft og hreyfingar þess. Ísland sé þar ekki undanskilið. Hér á landi ríkir pólitísk paradís þar sem nánast alræði stjórnmalafólks gildir og vegið er að stofnunum sem fara með umboð almennings. Það er gert til að valdefla hagsmunaaðila, m.a. til að ná yfirráðum á auðlindum í efnahagslegum tilgangi, samanber sjávarútvegsauðlindina sem t.d. fyrrv. ríkisskattstjóri, Indriði H. Þorláksson, hefur ítrekað fjallað um í greinarskrifum í fjölmiðlum og á vefsíðu sinni, indridih.com, að sé arðrænd.

Þá vinna stjórnvöld að því að treysta alfarið hinum „frjálsa markaði“ fyrir heilbrigðiskerfinu, orkuverum, vatnsveitu og raforkusölu á Íslandi. Hér á landi hefur átt sér öflug samfélagsleg umræða í grasrót stéttarfélaganna undanfarin ár um skipan samfélagsins, stofnanir, grunnþjónustu og tilfærslukerfin. Stjórnvöld beita aftur á móti valdi til að réttlætismál nái ekki fram að ganga fyrir almennung, hafa skorið niður fé til reksturs ríkisins og með skipulögðum hætti lagt niður stofnanir sem gegna mikilvægu aðhaldi fyrir valdhafa og miðla áriðandi upplýsingum til almennings. Á sama tíma fjölga ríkisstjórnin ráðuneytum.

“

PSI hefur bent á að stjórnmalafólk sé ekki hornsteinn líðræðisins heldur fólkíð sjálft og hreyfingar þess. Ísland sé þar ekki undanskilið. Hér á landi ríkir pólitísk paradís þar sem nánast alræði stjórnmalafólks gildir og ráðist er á stofnanir sem fara með umboð almennings.

Löggjafarþingið er þeirra verkfæri til að ná þessum markmiðum fram.

Vel má færa rök fyrir að eina baráttan fyrir betra samfélagi og varðstöðu um þau réttindi sem náðst hafa með mikilli baráttu komi úr grasrót vinnandi fólks – stéttarfélögum launafólks á Íslandi, en ekki frá stjórnmalafólki eða hagsmunasamtökum atvinnulífsins sem jafnvel neita að mæta á samningafundi. Saga verkalyðsbaráttunnar sýnir að árangur næst með samstöðu launafólks. Eins og formaður BSRB og fleiri innan verkalyðshreyfingarinnar hafa sagt er verkfallsrétturinn heilagur í huga verkalyðshreyfingarinnar.

Verkfallsrétturinn mætti því að vera varinn í stjórnarskrá sökum þess hve hagsmunaaðilar og stjórnmalin leggja sig hart fram í að veikja hann. ■

#### Heimildir:

Dansk Industri. (e.d.). *Hovedaftalen*. <https://www.danskindustri.dk/vi-radgiver-dig/personale/overenskomster-og-det-fagretlige-system/hovedaftalen/>

Forlignsinstitutionen. (e.d.). *Om Forlignsinstitutionen*. <https://forlignsinstitutionen.dk/om-forlignsinstitutionen/>

Kristján Kristjánsson [umsjónarmaður]. (2023, 17. desember). *SAF krefst laga á verkfall flugumferðarstjóra* [brot úr útvarpsþættinum Sprengisandi, Bjarnheiður Hallsdóttir viðmælandi]. <https://www.visir.is/k/7df77dbb-18bf-4e34-96b5-50368105fdded-1702814438842/saf-krefst-laga-a-verkfall-flugumferdarstjora>

Riise, A. B. (2014, 26. nóvember). *ILO støtter DLF: Lærerne blev holdt udenfor*. Folkeskolen. <https://www.folkeskolen.dk/arbejdsliv-dlf-kl/ilo-stotter-dlf-laererne-blev-holdt-udenfor/487698>

Samtök atvinnulífsins. (2023, 16. desember). *Gifurlegt tjón af völdum verkfalls flugumferðarstjóra*. [https://www.sa.is/frettatengt/frettir/gifurlegt-tjon-af-voldum-verkfalls-flugumferðarstjóra](https://www.sa.is/frettatengt/frettir/gifurlegt-tjon-af-voldum-verkfalls-flugumferdarstjora)

Sonja Ýr Þorbergsdóttir. (2023, 13. febrúar). *Afvegaleiðing atvinnurekenda*. Visir. <https://www.visir.is/g/20232377291d/afvegaleiðing-atvinnurekenda>

Sonja Ýr Þorbergsdóttir. (2023, 18. desember). *Ímyndarherferð Samtaka atvinnulífsins*. Visir. <https://www.visir.is/g/20232504932d/imyndarherferd-samtaka-atvinnulifisins>

Stjórnarráð Íslands. (e.d.). *Þingmálaskrá 154. löggjafarþings 2023–2024*. <https://www.stjornaradid.is/rikisstjorn/thingmalaskra/>

Vilja ekki „kippa undan“ langtímasamningum. (2023, 18. desember). Mbl.is. <https://www.mbl.is/frettir/innlent/2023/12/17/vilja-ekki-kippa-undan-langtímasamningum/>

Þingskjal nr. 919/2021–2022. Svar fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Jóhanni Páli Jóhannssyni um aðild ríkisfyrirtækja að Samtökum atvinnulífsins. <https://www.althingi.is/altext/152/s/0919.html>



## DAGBÓKIN 2024

Félagsfólk sem hefur áhuga á að eignast dagbókina fyrir árið 2024 í stærðinni A6 geta pantað hana á vef Sameykis og verður hún send til viðkomandi. Hægt er að panta fleiri en eina dagbók, t.d. fyrir hóp á vinnustaðnum.

Einnig er hægt að nálgast dagbókina á skrifstofu félagsins. Opnunartímar skrifstofu er frá kl. 9:00 til 15:00 mánudaga til fimmtudags og föstudaga frá kl. 9:00 til 13:00.

  
**SAMEYKI**  
STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAPJÓNUSTU



# Störf trúnaðarmanna gríðarlega mikilvæg

Eftir Kristínu Ósk Wium

Störf trúnaðarmanna gefa Sameyki mjög góða og gagnlega innsýn á vinnustaðina en einnig vinnustaðamenninguna sem er við lýði. Það er mjög gott fyrir trúnaðarmenn að vita að þeir eru verndaðir samkvæmt lögum um stéttarfélag og vinnudeilur nr. 80/1938, þar sem segir að óheimilt sé að segja trúnaðarmanni upp störfum vegna starfa hans sem trúnaðarmanns. Einnig skal hann sitja fyrir um að halda starfi sínu ef fækka þarf í starfsmannahópi á vinnustað. Þetta tiltekna atriði kemur oft upp í huga trúnaðarmanna; áhyggjur um að vinnuveitandi segi þeim upp störfum þegar þeir beita sér í krafti hlutverksins sem þeir gegna á vinnustaðnum.



að vita að þeir eru þar fyrst og fremst til að veita stuðning og miðla réttum upplýsingum um vinnurétt, skyldur og réttindi. Mikilvægt er að hafa í huga að þeirra hlutverk er ekki að leysa vandamál á eigin spýtur sem geta komið upp á vinnustaðnum.

## Fræðslunámskeið og trúnaðarmannaráðsfundir

Það er einnig mjög mikilvægt að gæta að góðri heilsu og forðast álag og streitu á vinnustaðnum. Þá vil ég mæla eindregið með að trúnaðarmenn nýti sér trúnaðarmannfræðsluna sem í boði er hjá félaginu og hægt er að nálgast á vef félagsins, sameyki.is. Einnig býður Sameyki upp á sérstök námskeið sem ætluð eru trúnaðarmönnum og gott er að sækja til að fræðast um starf trúnaðarmannsins. Félagsmálaskóli alþýðu heldur einnig mikilvæg fræðslunámskeið sérstaklega ætluð trúnaðarmönnum og eru þau



Frá trúnaðarmannaráðsfundi Sameykis í desember sl.

Ljósmyndir/BIG

## Samskipti trúnaðarmanna við stéttarfélagið

Við erum einstaklega heppin með hóp trúnaðarmanna hjá Sameyki og samskipti við trúnaðarmenn eru tíð. Nauðsynlegt er að samskipti trúnaðarmanna við stéttarfélagið séu bæði upplýsandi fyrir þá og gagnist þeirra vinnustað, en líka að nauðsynlegar og gagnlegar upplýsingar séu veittar um það sem brennur á þeim þá stundina.

Það er ekkert til sem heitir asnalegar spurningar – því meira sem spurt er, því meira vitum við og fræðumst. Mikilvægt er fyrir trúnaðarmenn á vinnustað að þekkja hlutverk sitt vel, og

haldin mánaðarlega. Þau námskeið eru gjaldfrí. Einu sinni í mánuði eru haldnir trúnaðarmannaráðsfundir Sameykis. Á þeim er leitast við að miðla upplýsingum um ýmis málefni á vettvangi Sameykis en líka samfélagsins; um kjarasamninga og vinnumarkaðsmál og margt fleira fróðlegt sem varðar verkalýðsbaráttu og verkalýðspólitik sem snertir líf allra með einhverjum hætti.

Að lokum vil ég segja hversu ánægjulegt það er að fá tækifæri til að starfa með öflugum trúnaðarmönnum Sameykis og hlökkum við hjá félaginu mikið til framhaldsins. ■

Höfundur er sérfræðingur í félagsdeild hjá Sameyki.





# Hvað trúnaðarmenn segja um starfið

Kristín Ósk sendi út kall til trúnaðarmanna og voru þeir beðnir um að svara nokkrum spurningum um trúnaðarmannastarfið; hvernig þeim þætti starfið, hvað væri erfiðast og skemmtilegast við það, hvort streita væri á vinnustaðnum, hvernig stjórnendur tækju trúnaðarmönnum á vinnustað og loks var spurt um trúnaðarmannafræðsluna. Þórunn Helgadóttir og Gissur Þór Hákonarson voru ein af þeim sem svöruðu kallinu.

## Virkja mætti betur tengsl á milli trúnaðarmanna

### Hvernig finnst þér trúnaðarmannastarfið?

Mér þykir trúnaðarmannastarfið mjög áhugavert og þroskandi. Það geta komið upp alls konar áskoranir sem reyna á og krefjast þess að maður stigi út fyrir þægindarammann. Það er líka gefandi að



Þórunn Helgadóttir

vera í samskiptum við samstarfsfólk og yfirmenn og í heildina þá þykir mér þetta gera vinnuna meira spennandi.

**Hvað er það erfiðasta við starfið?**  
Að vita hvenær maður á að hafa sjálfur frumkvæði. Ef maður ætlar að komast frekar létt frá þessu hlutverki þá gerir maður heldur ekkert gagn. Á sama tíma þýðir ekki heldur að æða áfram þegar maður er að reyna að ná einhverju fram fyrir samstarfsfólkið. Það þarf stundum þolinmæði og lagni við þetta.

### Hvað er það skemmtilegasta við starfið?

Það er skemmtilegast að læra eitthvað nýtt, vera í samskiptum við fólk og að takast á við áskoranir. Ég fæ mjög mikið út úr því að sökkva mér ofan í skjölin, eins og t.d. kjarasamninginn og vinnuréttinn. Eins þegar manni tekst að hjálpa einhverjum á vinnustaðnum. Það er svo ánægjulegt.

### Er streita á vinnustaðnum þínum?

Nei, það er ekki hægt að segja að það sé spennna dagsdaglega, en eins og á öllum vinnustöðum þá koma upp mál sem þarf að leysa úr jafnóðum. Fólk á okkar stað er reyndar mjög duglegt að ræða saman um flest það sem kemur upp á. Sparnaðaraðgerðir hjá Reykjavíkurborg gera til dæmis að verkum að það er jafnvel ekki hægt að ráða inn eða auka

starfshlutfall starfsfólks þegar í raun vantar starfsfólk.

### Hvernig taka stjórnendur þér sem trúnaðarmanni?

Stundum getur það verið skrytín staða og jafnvel vandræðalegt þegar eiga þarf erfitt samtal við stjórnanda, en þá gildir fyrir trúnaðarmanninn að vanda sig í samskiptum við stjórnendur. Góður trúnaðarmaður leggur sig fram við að vera brú á milli starfsfólks og stjórnenda og stuðla þannig að góðum samskiptum á vinnustaðnum. Trúnaðarmaður á ekki að hella olíu á eldinn þegar upp koma vandamál, heldur að miðla málum og hjálpa til við að leysa vanda sem upp kann að koma á farsælan hátt.

### Hvað finnst þér um trúnaðarmannafræðsluna og hefur þú nýtt þér hana?

Já, ég hef nýtt mér trúnaðarmannafræðsluna og er búin að læra margt nýtt á þeim námskeiðum sem ég hef farið á. Mér finnst að það mætti útvíkka fræðsluna nokkuð, fara betur ofan í algengustu vandamálin sem koma upp á vinnustöðum og leiðir til að takast á við þau fyrir trúnaðarmenn. Það væri ansi hjálplegt að heyrja hvernig aðrir eru að leysa málin.

## Fullkomið tækifæri að læra nýja hluti og vaxa sem starfsmaður og persóna



Gissur Þór Hákonarson

og ég væri búin að læra flest allt sem ég gat

### Hvernig finnst þér trúnaðarmannastarfið?

Ég hef aðeins verið trúnaðarmaður í nokkra mánuði núna og er búinn að læra heilan helling á þessum stutta tíma og á nóg eftir! Ég hélt í rauninni að ég myndi aldrei taka þetta hlutverk að mér. Mér fannst eins

tengt vinnunni minni og því var þetta fullkomið tækifæri til að læra eitthvað nýtt og vaxa sem starfsmaður og persóna.

### Hvað er það erfiðasta við starfið?

Ég vissi svona nokkurn veginn hvernig þetta hlutverk virkaði og hvað ég var að koma mér í, en trúnaðarmannastarfið getur verið skemmtilegt, en líka krefjandi. Maður þarf að gæta þess að vera hlutlaus og yfirvegaður gagnvart hlutum sem maður hefur sjálfur sterka skoðun á.

### Hvað er það skemmtilegasta við starfið?

Það sem mér hefur fundist skemmtilegast hvað fólk finnst auðvelt að koma til mín með spurningar eða þegar eitthvað er sem liggur þungt á þeim og vita ekki hvernig þau eiga að snúa sér í þeim málum. Þetta er búið að vera virkilega skemmtilegt og krefjandi hingað til.

### Er streita á vinnustaðnum þínum?

Það er búin að vera mikil streita og svolítil þirringur þar sem ég starfa og maður finnur alveg vel fyrir því. Þó að spennan sé á milli starfsfólks og stjórnenda virða þeir samt stöðu og verkefni trúnaðarmannsins og vita vel að taka erfiðum verkefnum ekki persónulega. Það er nauðsynlegt að gagnkvæmur skilningur sé um að hlutverk trúnaðarmanns er m.a. að miðla áhyggjum og spurningum frá starfsfólki.

### Hvað finnst þér um trúnaðarmannafræðsluna og hefur þú nýtt þér hana?

Það var ákveðinn ótti að taka starf trúnaðarmanns að mér, aðallega vegna þess að ég var ekkert sérstaklega vel upplýstur um starfskjör, réttindi og skyldur. Eftir að hafa farið á þau námskeið fyrir trúnaðarmenn sem Sameyki hefur staðið fyrir finnst mér ekkert mál, í það minnsta, að reyna að finna svör við spurningum sem upp koma og takast á við verkefni. Ef ég hef ekki getað fundið út úr verkefnunum sjálfur þá sendi ég spurningu til Sameykis sem hjálpar mér með svörin. ■

# Gott að vita!

## Námskeið og fyrirlestrar á vegum Sameykis - VOR 2024

Sameyki í samstarfi við Framvegis miðstöð símenntunar býður upp á námskeið og fyrirlestra fyrir félagsmenn þeim að kostnaðarlausu. Þetta voríð eru flestir viðburðir í húsi, ýmist hjá Framvegis Borgartúni 20, eða víðs vegar um höfuðborgarsvæðið. En fræðsla um lífeyrismál, svefn barna og þrjónanámskeið verða á netinu og fá þátttakendur senda krækju á viðburði þegar nær dregur. Þau sem ekki eru vön fjarnámi eru hvött til að hafa samband við Framvegis og fá leiðbeiningar áður en viðburður sem þau skrá sig á hefst.

Vakin er athygli á því að eitt námskeið verður á laugardegi þar sem gert er ráð fyrir að þátttakendur taki með sér börn. Dagskráin er birt með fyrirvara um breytingar. Nánari upplýsingar og skráning er á eftirfarandi slóð: [framvegis.is/nam#gott-ad-vita](http://framvegis.is/nam#gott-ad-vita).

### Norðurland – Vestfirðir - Vesturland

Einnig býður Sameyki í samstarfi við Farskóla Norðurlands vestra, Símei, Símenntun á Vesturlandi, Fræðslumiðstöð Vestfjarða og fleiri stéttarfélag upp á fyrirlestra og námskeið. Þar má nefna eftirfarandi námskeið um

### Að gefnu tilefni!

Þegar þú skráir þig á námskeið hjá Framvegis vertu þá viss um að enda á að smella á „Skrá umsókn“ til að ljúka skráningarferlinu. Vinsamlegast láttu vita tímanlega ef þú getur ekki nýtt plássíð þitt á námskeið svo hægt sé að hleypa fólki inn af biðlista. Hægt er að láta vita um forföll í gegnum netfangið [helga@framvegis.is](mailto:helga@framvegis.is) eða í síma 581 1900.

Skráðu þig á Gott að vita námskeið á vef Framvegis.

Eldfjallafræði á mannamáli, 360 gráðu heilsa, Lífeyrismál á öllum aldri, ýmis Fab Lab námskeið, Vegghengi-macramé hnýting, Skrifað frá hjartanu, Spænskunámskeið svo eitthvað sé nefnt. Nánari upplýsingar og skráningu má finna á slóðinni [sameyki.is/raedsla/gott-ad-vita-namskeid/](http://sameyki.is/raedsla/gott-ad-vita-namskeid/)

Skráning er hafin á vef [framvegis.is](http://framvegis.is) undir „Nám“ og þar er að finna nánari upplýsingar um viðburði í Gott að vita.



### Súrkálsgerð og súrkálssmökkun

Dagsetning: Miðvikudagur 14. febrúar

Kl.: 18:00-21:00

Lengd: 3 klst.

Staður: „Súrkálshöllin“ Bæjarhrauni 24, Hafnarfirði, bakhús fyrir aftan PGV

Leiðbeinandi: Dagný Hermannsdóttir.

Þú lærir að búa til súrkál og hvernig á að borða það. Ferð svo heim með eina krukku af súrkáli. Gómsætt námskeið þar sem farið verður yfir allt sem þarf að til að gera fjölbreyttar útgáfur af súrkáli heima.

Staður: „Súrkálshöllin“ Bæjarhrauni 24, Hafnarfirði, bakhús fyrir aftan PGV

Leiðbeinandi: Dagný Hermannsdóttir

Þú lærir að búa til kimchi og hvernig á að borða það. Ferð svo heim með eina krukku af góðgæti. Kimchi er kóreskt súrkál og eins og annað gerjað grænmeti er það fullt af góðgerlum og annarri hollustu. Að auki er það ótrúlega ljúffengt enda fer það nú sigurför um Vesturlönd. Á þessu námskeiði búum við til hefðbundið kimchi úr kínakáli.



### Hinsegin 102

Dagsetning: Mánudagur 19. febrúar

Kl.: 19:00-21:00

Lengd: 2 klst.

Staður: Framvegis, Borgartún 20

Leiðbeinandi: Bjarndís Helga Tómasdóttir

Fræðsla frá Samtökunum '78 um hinseginleikann. Fjallað verður um hugtök og heim sem mörgum er framandi. Þetta eru t.d. hinseginleikinn, kyneinkenni og kyntjáníning. Tekin verða dæmi og boðið upp á umræður.

### Lífeyrismál á öllum aldri

Dagsetning: Þriðjudagur 20. febrúar

Kl.: 19:00-21:00

Lengd: 2 klst.

Staður: Netviðburður

Leiðbeinandi: Björn Berg Gunnarsson

Fræðsla um lífeyrismál og fjármál á efri árum með sérstakri áherslu á hvað yngra fólk getur gert í dag

til að bæta stöðu sína síðar á lífsleiðinni. Námskeiðið hentar öllum sem ekki hafa þegar sótt um lífeyri, ekki sist þeim sem eru yngri en 60 ára.



### Jákvæð sálfræði og Yoga Nidra

Dagsetningar: Miðvikudagur 21. og 28. febrúar, 6. og 13. mars.

Kl.: 17:30-19:30

Lengd: 8 klst.

Staður: Saga Storyhouse, Flatahraun 3, 2. hæð, Hafnarfirði

Leiðbeinendur: Guðbjörg Björnsdóttir og Ingibjörg

Valgeirsdóttir. Jákvæð sálfræði og Yoga Nidra er námskeið fyrir öll sem vilja hlúa að jákvæðri heilsu. Þú þarft ekkert að gera – bara njóta og vera.

Í tímunum verða léttar núvitundar- og öndunaræfingar, fræðsla sem styður við velliðan og djúpslökun með aðferðum Yoga Nidra.

### Vatnslitir og blek

Tvö námskeið

Námskeið 1: Mánudagur 26. febrúar kl.: 18:00-21:00

Námskeið 2: Mánudagur 4. mars kl.: 18:00-21:00

Lengd: 3 klst.

Staður: Studio Hraun, Hraunteigi 26

Leiðbeinandi: Linda Ólafsdóttir myndlistarkona

Á þessu námskeiði kynnast þátttakendur vatnslitum og bleki og ýmsum tónum bleksins ásamt því að prufa sig áfram með að nota blek sem undirtón fyrir vatnslitamynd. Málal er með penslum, pennastöngum og prikkum. Engin kunnátta er nauðsynleg.



### Kimchi

Dagsetning: Fimmtudagur 15. febrúar

Kl.: 18:00-21:00

Lengd: 3 klst.



## Að ferðast með lest

Dagsetning: Þriðjudagur 27. febrúar.

Kl.: 19:00-22:00

Lengd: 3 klst.

Staður: Framvegis, Borgartún 20.

Leiðbeinandi: Guðrún Ólafsdóttir

Lestarferðalög bjóða upp á ævintýrlega möguleika, þægilegan fararmáta við allra hæfi og stundum með fegursta landslag beint fyrir utan gluggann. Hugurinn fer á flug og hjartað tekur gleðikipp. Fyrir alla áhugasama um ferðalög með lestum. Nýttist vel þeim sem hafa litla eða enga reynslu af lestum og þurfa praktísk ráð til að bruna af stað.

## Fléttur og snúðar fyrir óvana

Dagsetning: Laugardagur 2. mars

Kl.: 14:00-15:30

Lengd: 1,5 klst.

Staður: Framvegis, Borgartún 20.

Leiðbeinandi: Heiðdís Einarsdóttir

Sýnd verður einföld tækni við að flétta og setja snúð í hár ásamt því að fjalla um umhirðu hárs hjá börnum. Þátttakendur koma með barn með sér, ekki fleiri en tveir með hverju barni. Öll þurfa að koma með einn hárbursta og eina greiðu. Teygjur, spennur og annað sem þarf fyrir hnúta í hárið verður á staðnum.



## Að takast á við lífið eftir áfall

Dagsetningar: Þriðjudagar 5. og 12. mars

Kl.: 18:00-20:00

Lengd: 4 klst.

Staður: Framvegis, Borgartún 20

Leiðbeinandi: Sigríður Björnsdóttir, sálfræðingur

Á þessu námskeiði fær þátttakandinn tækifæri til að vinna með og auka við eigin þekkingu og færni fyrir eigin heilsu. Afleiðingar áfalla og streituvaldar eru viðfangsefni okkar á námskeiðinu sem getur leitt til betri heilsu og bættra lífsgæða þar sem þátttakendur læra aðferðir til að takast á við lífið eftir áfall eða streitufullar aðstæður.

## Aðsig – sjálfsskoðun, tækifæri og áræðni!

Dagsetning: Fimmtudaga 7., 14. og 21. mars

Kl.: 17:00-20:00

Lengd: 9 klst.

Staður: Framvegis, Borgartún 20, 3. hæð

Leiðbeinandi: Helga Tryggvadóttir

Námskeið fyrir þá sem vilja taka stöðuna í lífinu, velta

fyrir sér styrkleikum og draumum og spá í framhaldið. Fléttaðar eru saman ýmsar aðferðir úr sálfræði (sérstaklega jákvæðri sálfræði), náms- og starfsráðgjöf og verkefnastjórnun allt með það að markmiði að þátttakendur fái sem mest út úr eigin sjálfsskoðun.



## Þáskaeggjagerð

Dagsetning: Mánudagur 11. mars

Tveir hópar:

Hópur 1 kl.: 18:00-19:30

Hópur 2 kl.: 20:00-21:30

Lengd: 1,5 klst.

Staður: Verður birt á heimasíðu Framvegis

Leiðbeinandi: Halldór Kr. Sigurðsson

Enn og aftur bjóðum við upp á þessi vinsælu þáskaeggjanámskeið. Þátttakendur læra að tempra súkkulaði og búa til þáskaegg. Bent er á að gott er að taka með sér nammi eða annað til að setja inn í eggjið.



## Fluguhnýtingar

Dagsetning: Mánudag til miðvikudag 18., 19. og 20. mars

Kl.: 19:00-21:00

Lengd: 6 klst.

Staður: Framvegis, Borgartún 20

Leiðbeinandi: Hjörleifur Steinarsson

Á námskeiðinu verður veitt fræðsla um efni og áhóld sem notuð eru við fluguhnýtingar. Auk þess munu þátttakendur hnyta helstu silungapúpur, straumflugur, einnig verður aðeins farið í laxaflugur. Þátttakendur fá allan búnað og efni sem þarf á staðnum, en við hvetjum fólk til að mæta með eigin búnað ef það á hann.

## Lærðu að þrjóna lopapeysu

Dagsetningar: Fimmtudagar 4., 11. og 18. apríl og 2. maí

Kl.: 19:00-20:00

Lengd: 4 klst.

Staður: Netviðburður

Leiðbeinandi: Tinna Laufdal

Fimm vikna netnámskeið þar sem þátttakendur þrjóna íslenska lopapeysu. Við þrjónum saman alveg frá því að fitja upp til fullkláraðs stykkis. Þátttakendur fá aðgang að yfir 30 myndsköpunum sem hægt er að spila og stöðva að vild. Einnig er aðgangur að lokuðu samfélagi á Facebook þar sem hægt er að fá aðstoð og hvatningu. Athugið að það er heimavinna líka.



## Matur og loftslagsbreytingar

Dagsetning: Þriðjudagur 9. apríl

Kl.: 17:30-22:00

Lengd: 4 til 4,5 klst.

Staður: Hússtjórnarskóli Reykjavíkur, Sólvallagötu 12, 101 Reykjavík

Leiðbeinandi: Dóra Svavarsdóttir

Loftslagsvænn matur verður eldaður og fjallað verður um áhrif þess sem við borðum á losun gróðurhúsalofttegunda. Þátttakendur eru hvattir til að taka með sér eitthvað sem hefur dagað upp í skápum, t.d. þurrvöru og við notum það m.a. til að töfra fram nýjan mat. Gott að taka með sér svuntu, inniskó og box fyrir allan góða matinn sem eldaður verður og gefa fólkinu heima.

## Kyrrðargöngunámskeið

Dagsetningar: Miðvikudagar 10., 17. og 24. apríl

Kl.: 17:30-19:30

Lengd: 6 klst.

Staður: Saga Storyhouse, Flatahraun 3, 2. hæð, Hafnarfirði

Leiðbeinendur: Guðbjörg Björnsdóttir og Ingibjörg Valgeirsdóttir

Aftur bjóðum við upp á hinar vinsælu kyrrðargöngur eða hægætisgöngur þar sem gengið verður um náttúruperlu. Fyrir hverja göngu verður fræðsla um áhrif náttúru á jákvæða heilsu; velliðan, endurheimt og streitulosun. Hver tími hefst á fræðslu og svo er ekið í 5-10 mínútur að gönguleiðum.

## Golfnámskeið – tveir hópar

Dagsetning: 15., 16., 22. og 23. apríl

Hópur 1 kl.: 17:00-18:00

Hópur 2 kl.: 18:00-19:00

Lengd: 4 klst.

Staður: Hraunkot, Golfklúbburinn Keilir, Hafnarfirði

Leiðbeinandi: Andrea Ásgrímsdóttir PGA golfkennari Golfnámskeið fyrir þá sem vilja kynnst þessu skemmtilega sporti og læra réttu tókin. Hentar bæði fyrir byrjendur og þá sem eru aðeins komnir af stað í íþróttinni en vilja skerpa á grunnatriðunum. Þátttakendur þurfa sjálfir að koma með golfsetti á námskeiðið og nota sín boltakort (sem er hægt að kaupa á staðnum).

## Svefn ungbarna

Dagsetning: Mánudagur 13. maí

Kl.: 17:00-18:30

Lengd: 1,5 klst.

Staður: Netviðburður

Leiðbeinandi: Hafdís Guðnadóttir

Fjölskyldan þín á skilið góðan svefn. Fræðsla um svefn barna. Nánari lýsing birtist á heimasíðu Framvegis.



# Fiskisúpa

Eftir Harald Jónasson

Pað erfiðasta við að elda súpu er að fá góðan vökva í grunninn, sérstaklega fiskisúpu. Of mikið af krafti þýðir mögulega brimsalt soð og að sjóða sinn eigin kraft úr fiskbeinum er ekki eins einfalt og úr nauti, lambi eða kjúklingi. Fiskbein geta orðið bitur séu þau soðin of lengi og kraftur úr skeljum getur tekið á sig leiðindabragð.



Ein leið til að fá bragðgott soð er að geyma vatnið af soðningu vikunnar. Pað er að segja að sjóða ýsu á mánudegi, bara eins og venjulega, í léttisöltuðu vatni. Kæla soðvatnið svo niður og frysta. Soðið geymist þannig þangað til næsta fiskisúpa verður á dagskrá. Innan skynsamlegra marka þó – vikur, mögulega mánuðir, ekki ár. Til að matbúa svo fiskisúpuna er smá krafti blandað við soðið sem og lauk og öðru grænmeti. Já og auðvitað fisk að eigin vali. Í veglega súpu er gott að velja tvær, þrjár fiskitegundir og eina til tvær skelfisktegundir. Skelfiskurinn setur punktinn yfir i-ið.

## Í pottinn með þetta

Í súpunna að þessu sinni fór hálf kíló af þorski og silungi ásamt svipuðu magni af smáhumri og sæmilega stórri rækju. Vökvinn var á fjórða lítra þannig að í heildina fyllti súpan nær sex lítra pott og dugði léttilega til að metta tíu manns.

Humarinn var í skel sem þurfti að taka utan af ásamt að meltingarvegurinn var fjarlægður. Rækjan var hrá en að öðru leyti tilbúin. Þorskurinn og silungurinn var roðflettur og skorinn í litla bita. Allt ferskmetið var undirbúið og svo geymt í loftþétu ílát í kælikápnunum á meðan súpugrunnurinn var undirbúinn.

Í grunninn fóru tveir miðlungs laukar, fjórar gulrætur og tveir selleristilkar ásamt fjórum hvítlauksrifjum. Allt var grænmetið gróft saxað og steikt við miðlungshita í smjörblandaðri matarolíu. Laukurinn fór fyrst út í, þá gulræturnar og svo sellerið. Velt um pottinn þangað til allt var orðið glansandi og laukurinn glær. Þarf ekki að brúna. Bara mýkja. Þá fór hvítlaukurinn út í og þegar hann byrjaði að ilma var tveimur matskeiðum af tómatpúrru bætt við.

Þegar grænmetið og púrran hafa kynnst aðeins í hitanum fer út í pottinn hálfur desilítri af púrtvíni. Botninn skrapaður og vínandinn látinn gufa aðeins upp. Fyrir þá sem eru ekki í búsinu er hægt að blanda nokkrum dropum af hvítvínshedki út í vatn í staðinn. Næst kemur fiskisoðið, tveir lítrar sirka.

Pað er þetta frá „mánudagssoðningunni“. Smá krafti bætt við, matskeið eða svo. Hægt að nota hvaða kraft sem til er, t.d. nauta-, kjúklinga- eða fiskikraft. Þetta er meira og minna bara salt hvort eð er. Smakka til með hvítlauksdufti, chiliflögum, salti og pipar. Soðið á að vera kraftmikið og örlítið of salt á þessu stigi. Láta malla um stund, þangað til grænmetið mýkist.

## Lokahnykkurinn

Skelin utan af humrinum eða rækjunum er skoluð og sett í pott með líter eða svo af vatni. Láta suðuna koma upp. Þegar hún kemur upp er skelin sigtuð frá og þeim vökva

bætt út í stóra pottinn. Ekki sjóða skelina lengi. Næst fer skelin aftur út í tóman pott ásamt 75 grömmum af smjöri. Þetta gerum við til að færa það bragð sem leysist upp í fitu úr skelinni yfir í smjörið. Steikja skelina í nokkrar mínútur og sigta svo smjörið frá. Út í þetta humarsmjör fer svo jafn mikið af hveiti og blöndunni velt um í heitum potti í tvær, þrjár mínútur eða þangað til blandan byrjar aðeins að dökkna og vægur hnetukeimur leikur um eldhúsið. Þetta er smjörbolla sem á eftir að þykkja og bragðbæta súpunna.

Þegar grænmetið er orðið mjúkt í stóra pottinum er súpan maukuð með töfrasprota. Þá er smjörbollan hrærð saman við súpunna ásamt 250 ml af rjóma. Gott að setja bara smá bollu í visk og hræra vel saman við

súpugrunninn. Við það byrjar vökvinn að þykkna. Malla í nokkrar mínútur áður en sjávarfanginu er bætt út í pottinn. Fiskmetið er soðið þangað til rækjurnar og hamarinn hætta að vera „glær“. Þá er gott að smakka til með salti og pipar. Ef það er til fersk steinselja er um að gera að saxa hana út í og bera fram með góðu brauði. ■

## Fiskisúpa

2 lítrar fiskisoð

1 lítri skelsoð

250 ml rjómi

½ kíló þorskur

½ kíló silungur

½ kíló risarækjur

½ kíló smáhumar

75 gr smjör

75 gr hveiti

4 gulrætur

4 hvítlauksgeirar

2 laukar

2 selleristilkar

1 msk kraftur

Matarolía og smjör til að steikja upp úr, salt, pipar, chiliflögur og steinselja eftir smekk



*Sýrður rjómi þynntur út með smá mjólk eða rjóma er skammtileg viðbót við flestar súpur.*

# Samninganefndir fræddust um kjarasamningagerðir

Samninganefndir Sameykis sóttu námskeið í samningatækni nýverið sem þótti áhugavert fyrir komandi kjarasamningaviðræður. Námskeiðið var vel sótt og setið var í hverju sæti. Dr. Aldís G. Sigurðardóttir, lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík, sá um að fræða samninganefndirnar í félagamiðstöðinni í BSRB-húsinu. Aldís er sérfræðingur í samningatækni og starfaði áður við Háskólann í Twente í Hollandi þar sem hún rannsakaði hegðun samningamanna og kenndi þau fræði sem og önnur viðskiptatengd fög. Í Twente þróaði hún námslínu á meistarastigi í samningatækni og stýrði því námi við háskólann.

Rannsóknaráhugi Aldísar snýr fyrst og fremst að hegðun samningamanna og hvaða hegðun sé vænlegust til árangurs í samningum. Að auki hefur hún hefur starfað sem aðstoðarsáttasemjari hjá embætti ríkissáttasemjara frá byrjun árs 2021.

Á námskeiðinu voru þátttakendur fengnir til að svara 30 spurningum og unnið var úr niðurstöðum þeirra svara, þau greind og ályktanir dregnar af



Dr. Aldís G. Sigurðardóttir á námskeiði með samninganefndum.

þeim. Spurningarnar voru fjölbreyttar og sniðnar að því að fá persónulegar niðurstöður um hvernig hægt væri að hagnýta sér þá vitneskju sem fram kom í svörum þátttakenda. Lögð var áhersla á að svara könnuninni út frá persónulegri skoðun án þess að ræða við aðra. Gætt var að friðhelgi og allar nauðsynlegar ráðstafanir voru gerðar til þess að gæta að fullri vernd á persónuupplýsingum fólks. Aldís gaf hverju og einu innsýn í hvernig samningafólk viðkomandi er – styrk þess og veikleika. Mikil ánægja var meðal þátttakenda með að geta speglað sjálf sig með þessum hætti og séð hvar styrkleikar liggja, en líka

hvað mætti betur fara hjá samningafólki. Námskeiðið stóð yfir frá kl. 10 til 15 með matar- og kaffihléum. Meðal þeirra þátta sem farið var yfir má nefna undirbúning fyrir samningagerð, hegðun samningafólks og tengingu hegðunar við niðurstöður samninga, nálgun og orðaval, líkamstjáningu og samskipti, skilvirka hlustun, úrlausn deilumála, aðferðir sem notaðar eru til að eiga við „erfiða samningamenn“, tilfinningar í samningaviðræðum, samningastil o.m.fl. Loks var gerð samantekt og almenn endurgjöf veitt. Námskeiðinu lauk svo með góðum og skemmtilegum umræðum. ■

## Nýtt orlofshús í byggingu á Húsavík

Orlofssjóður Sameykis hefur fest kaup á íbúð í parhúsi sem er í byggingu við Hraunholt á Húsavík. Um er að ræða 4 herbergja hús á einni á hæð. Íbúðin er 105,7 m<sup>2</sup> að stærð auk þess sem um 12 m<sup>2</sup> garðskúr er við húsið þar sem geymd er útigrill og garðhúsgögn. Í húsinu eru þrjú svefnherbergi, tvö baðherbergi, eldhús, stofa, forstofa og þvottahús með þvottavél og þurrkara.

Timburverönd er fyrir aftan hús sem snýr í norður þar sem hægt er að sitja og njóta útsýnis yfir Húsavík og Skjálfanda, og fyrir framan hús og snýr í suður. Golföllur húsvíkinga er við hliðina á húsinu og því er hægt að ganga með kylfurnar beint út á völl ef menn vilja það. Átta manns geta gist með góðu móti í húsinu og því fylgir líka heitur pottur fyrir sama fjölda manns.

Eldhúsinnrétting er með innbyggðum ísskáp og uppþvottavél og tækjum frá AEG en eldhúsinnréttingin er frá HTH.



Það er í alrými ásamt stofu. Baðherbergi eru flísalögð bæði á vegg og gólf í sturturými. Sturta með glerskilrími á öðru baðherberginu. Stofan er rúmgóð og er með gólfsíðum gluggum ásamt útgengi út á verönd um rennihurð. Herbergi eru öll með fataskápum og forstofan er flísalögð með fataskáp. Gólfhiti er í húsinu og bílastæði eru fyrir framan hús. Reiknað er með að húsið verði afhent Sameyki með haustinu. ■



# Heildarsamtök launafólks sýna samstöðu með Palestínu

Bandalög og heildarsamtök launafólks á Íslandi sendu frá sér sameiginlega yfirlýsingu um samstöðu með Palestínu. Af því tilefni var þjóðfáni Palestínu dreginn að húni þar sem ASÍ, KÍ og BSRB, sem stóðu að yfirlýsingunni, eru til húsa. Auk þeirra voru fleiri stéttarfélag innan vinnumarkaðarins sem gerðu slíkt hið sama.

Verkalýðshreyfingin er hreyfing lýðræðis, mannréttinda og friðar á alþjóðavísu og fjöldi systursamtaka innan PSI (alþjóðlegra samtaka stéttarféлага á opinberum vinnumarkaði) um gervallan heim beita nú einnig affli sínu til að binda enda á hörmungarnar. PSI hefur kallað eftir vopnahléi frá upphafi, enda hefur fjöldi opinberra starfsmanna verið drepinn í hernaðaraðgerðum Ísraels.

EPSU (samband Evrópskra stéttarféлага í almannapjónustu) hefur einnig kallað eftir vopnahléi og að fundin verði tafarlaust leið til að koma á friði. Í yfirlýsingu sem EPSU sendi frá sér í desember sl. er ítrekað ákall verkalýðshreyfingarinnar um varanlegt vopnahlé og þess krafist að fundin verði diplómátsk leið til að tryggja „tveggja ríkja lausn“ sem leiði til fullvalda og sjálfstæðra ríkja þar sem allir íbúar búa í friði. Þá vekur EPSU, sem fulltrúi heilbrigðisstarfsmanna og annars launafólks opinberra þjónustu í Evrópu, athygli á þeim hörmulegu afleiðingum sem árásir Ísraels á Palestínu hafa á starfsfólk hins opinbera. Þá minna samtökin í yfirlýsingunni á þau grundvallarréttindi fólks til njóta öruggs aðgangs að opinberri þjónustu undir öllum kringumstæðum.

Yfirlýsing ASÍ, KÍ og BSRB í heild sinni:

## Launafólk sýnir samstöðu með Palestínu 15. janúar 2024

Mánudaginn 15. janúar verða 100 dagar liðnir frá upphafi núverandi hernaðaraðgerða Ísraels á hendur Palestínumönnum á Gaza, sem hófust í kjölfar árásum Hamas-samtakanna 7. október. Á þessu tímabili hefur her Ísraels drepð yfir 30.000 íbúa Palestínu, þar á af 12-15.000 börn, rústað nauðsynlegum innviðum og hrakið nær alla íbúa Gaza á flóttu á mjög takmörkuðu landsvæði sem hefur verið í herkví sl. 17 ár.

Af því tilefni hafa heildarsamtök og félag launafólks ákveðið sýna samstöðu með því að flagga palestínska fánanum. Verður fáninn dreginn að húni kl. 12:00 á hádegi. Verkalýðshreyfingin er hreyfing lýðræðis, mannréttinda og friðar á alþjóðavísu og fjöldi systursamtaka okkar um gervallan heim beita nú einnig affli sínu til að binda enda á hörmungarnar.

Ekkert útlit er fyrir hlé á núverandi árásum, auk þess sem spennan eykst á Vesturbakkanum dag frá degi. Með þessari táknrænu aðgerð, þegar 100 dagar eru liðnir frá upphafi átakanna vilja samtökin sýna almenningi í Palestínu stuðning auk þess sem við skorum á íslensk stjórnvöld að beita sér af auknum þunga í þágu lausnar á átökunum, á hvern þann hátt sem mögulegt er. ■



# Veiði og útivist á lægra verði

Ekki þarf að kaupa sér veiðileyfi fyrir tugi eða hundruð þúsunda króna til að njóta þess að kasta agni fyrir fisk, eða gista á dýrum hótélum víðs vegar um landið. Þess í stað er hægt að kaupa á vef Sameykis Veiðikortið og Útilegukortið til að njóta landsins, veiði og ferðalaga með léttasta móti. Kortið fást með félagaaflætti. Með veiðikortið upp á vasann er hægt að veiða í yfir 37 veiðivötnum víða um land, en einnig tjalda endurgjaldslaust við mörg þeirra.

Útilegukortið gildir frá kaupum til 15. september. Kortið veitir tveimur fullorðnum og allt að fjórum börnum að 16 ára aldri saman í húsbíl, tjaldi, hjólhýsi, fellihýsi eða tjaldvagni gistingu á tjaldsvæðum. Eigandi verður ætíð að framvísa korti. Með Útilegukortið við höndina er hægt að velja úr fjölda fallegra náttstaða í öllum landshlutum.

Hægt er að kaupa Útilegukortið á Mínum síðum Sameykis eða á skrifstofu félagsins. ■



# Prís, nýtt verðlagsapp ASÍ

Með smáforritinu Prís geta notendur á augabragði skoðað mismunandi verðlagningu vara á milli verslana, en það var útbúið á vegum verðlags-eftirlits ASÍ. Hægt er að lesa nánar um það á vef ASÍ.

Forritið er kröftugt innlegg Alþýðusambandsins í baráttunni gegn verðbólgunni. Appið auðveldar neytendum að veita virkt aðhald með samkeppni á smásölumarkaði. Með appinu er hægt að skanna

strikamerki á vörum og fá uppgæfið hvað varan kostar í fjölda verslana. Verðlagseftirlit ASÍ hyggst halda áfram þróun smáforritsins og gera verðsögu

aðgengilega, ásamt fleiri viðbótum sem gagnast neytendum. Smáforritið er aðgengilegt fyrir öll snjalltæki, bæði Android og iOS.

Á vef verðlagseftirlits ASÍ kemur einnig fram að kannað var verð á mjólkurvörum 25. október síðastliðinn. Verð var athugað í tíu verslunum og

## Prís

Ýttu á takkann til að skanna strikamerki



voru alls 318 vörur teknar til greina. Einnig var borið saman verð á fimm undirflokkum; mjólk og rjóma, vegan-vörum, smjöri og ostum, jógúrt og AB mjólk, og loks skyri. Í öllum tilfellum var verðlag hæst í 10-11 og Krambúðinni og lægst í Bónus og Krónunni. Verðlag var lægst í Bónus, 0,4% frá lægsta verði þegar allar vörur eru skoðaðar, og lægst í öllum undirflokkum. Það var hæst í 10-11, 66% frá lægsta verði

þegar allar vörur eru skoðaðar, og hæst í öllum undirflokkum nema jógúrt og AB mjólk, þar sem Krambúðin var dýrari.

Mestur verðmunur var í undirflokkunum jógúrt og AB mjólk, þar sem verð í Krambúðinni var að jafnaði 71% hærra en lægsta verð, í vegan-vörum, þar sem verð í Krambúðinni og 10-11 var að jafnaði 70% hærra en lægsta verð, og í flokknum mjólk og rjómi þar sem verð í 10-11 var að jafnaði 71% hærra en lægsta verð. Fjarðarkaup var þriðja ódýrasta verslunin á heildina litið, og í öllum undirflokkum nema vegan-vörum, þar sem hún var ódýrari en Krónan.

Litlar breytingar voru á vöruverði hjá sömu verslunum í janúar. Í flestum verslunum voru verðbreytingar á mjólkurvöru innan við 1%, til hækkunar eða lækkunar. Mest hækkaði verð á mjólkurvöru í Iceland, eða um 4%. Verð lækkaði mest í Kjörbúðinni, eða um tæplega 5% og næst mest í Krambúðinni, 4%. ■



# Nýir orlofskostir á Spáni

Sameyki býður félagsfólki sínu nýja orlofskosti á Spáni, annars vegar glæsilega íbúð á jarðhæð í fallegu umhverfi í Quesada í Valencia-héraði fyrir sunnan Alicante og svo raðhús á Tenerife.

Íbúðin í Quesada skiptist í eldhús, tvö baðherbergi, þrjú svefnherbergi og stofu sem er með svefnsófa. Svefnrymi er fyrir allt að átta gesti. Útgengt er frá íbúð á verönd og fylgir glæsilegur garður með sólbaðsaðstöðu og stórra sundlaug sem hönnuð er fyrir alla aldurshópa. Íbúðin er staðsett í Quesada á Hvítu ströndinni á Spáni í fögru og snyrtilegu umhverfi. Quesada tilheyrir Valencia-héraði á Spáni og er þekkt fyrir rólegheit. Í hverfinu eru stutt í alla þjónustu og samgöngur í kring eru auðveldar og öruggar.

Í íbúðinni er stór stofa með opnu eldhúsi, þrjú svefnherbergi, tvö baðherbergi með sturtum og garður. Íbúðinni fylgir einkabílastæði. Allur nauðsynlegur borðbúnaður er í íbúðinni,



Quesada, Av. de Málaga er íbúð á jarðhæð með aðgang að sundlaug.



Quesada, Av. de Málaga

eldhústæki, hárpurrkur, þvottavél og sjónvarp, allur rúmfatnaður sem þarf, handklæði, tuskur og viskastykki fylgja. Gistimöguleikar eru fyrir allt að 8 manns, þ.e. þrjú hjónaherbergi með rúmum sem eru 150x190, útdraganlegur sófi í stofunni og rúm fyrir eitt smábarn (hægt er að óska eftir barnaferðarúmi). Allur búnaður er miðaður við hámarksfjölda gesta.

Eignin á Tenerife er raðhús, Villa Portofino 5B, sem er 186 fermetrar á tveimur hæðum auk þaksvala. Í húsinu eru þrjú

svefnherbergi, bílskúr og garður með einkasundlaug. Húsið er staðsett í austurhluta Los Cristianos, í um 10-15 mínútna göngufjarlægð frá ströndinni og í um 15 mínútna akstursfjarlægð frá flugvelli Tenerife Sur. Stutt er í alla helstu þjónustu og verslanir en beint á móti húsinu er verslunarkjarni.

Á jarðhæðinni er stofa, vel búið eldhús, baðherbergi með sturtu



Villa Portofino 5B á Tenerife.



Villa Portofino 5B á Tenerife er raðhús með einkasundlaug.

og svefnherbergi. Hægt er að opna út í garð úr svefnherberginu. Á efri hæðinni eru tvö rúmgóð svefnherbergi sem hvort um sig eru með sér baðherbergi. Útgengt er úr báðum svefnherbergjum á svalir. Öll rúm eru tvíbreið. Gistipláss er fyrir 8 manns í húsinu, fyrir 2 í hvoru svefnherbergi á efri hæðinni, 2 í svefnherbergi á neðri hæð og 2 í svefnsófa. Stærri svalir eru á þaki hússins með útsýni yfir svæðið. Í húsinu er bílakjallari.

Þá á félagið þakíbúð á frábærum stað í Los Arenales del Sol á Alicante.

Fyrir þá sem þyrstir í orlofsfréttir er á vef Sameykis síða sem er tileinkuð orlofsfréttum, [sameyki.is/frettir/orlofsfrettir](http://sameyki.is/frettir/orlofsfrettir). Það má finna allt um orlofsmál félagsins á einum stað, framgang uppbyggingar orlofshúsa, fréttir af úthlutunum, ásamt ýmsu þemaefni um söfn og náttúrulegar, fossa og ár, gil og gjár, veiðikort og ferðakortið og margt fleira. ■

Krossgátulausn



A crossword puzzle grid with a photo of two children in winter gear on the left. The grid contains words in Icelandic, with some cells highlighted in yellow. The words are: MARGUR, ATLIN, SYR, B, HOPUR, SURT, F, TIRGG, STARTA, H, O, L, L, U, S, T, A, KRYDD, BYR, J, A, F, V, E, R, K, ANDVARI, G, R, A, D, SOA, E, Y, D, A, OGG, AEG, I, R, LUPUR, BLANDI, F, I, M, U, R, BAS, J, BOGG, AND-SPINGI, M, O, T, I, KOSK, R, L, KOSTUR, V, SJALL, S, A, M, T, A, L, STAKA, ENGLI, H, I, HOFURBAT, TOR-TINGISLA, E, F, A, S, T, FYIA, AFKOMA, S, K, O, T, I, SKYFSL, KYC, V, I, L, L, URGA, S, K, R, A, TEIKNI-BLEK, T, U, S, S, PEST, STAFUR, K, A, FLEK, J, A, K, K, I, HVEIHA, A, R, M, A, BETA, LOGG, TULLORA, BIRTA, BORSILLA, V, A, G, G, A, B, I, L, SKIL, VOPNI, SKIR-SKOTUR, D, FISKA, A, F, L, A, MASTUR, P, S, I, G, L, A, VIK-BLANDA, FIEKUR, HVERI, V, I, S, U, N, T, A, TVEIR-EINGI, O, P, P, R, A, E, K, S, N, DRIVKJOLA, HEBBUDUR, UPF-HROSFER, TERANGI, S, E, N, G, I, HJOLA, KKK-MAN, S, A, E, T, T, A, DULLA, R, A, E, K, S, N, DRIVKJOLA, HEBBUDUR, FLAFA, H, L, I, T, A, SKREF, SPOR, FLOKKAD, JAPA, ARG, A, PRETTUR, SANDKYKI, J, A, R, A, U, S, A, BLETTA, BRUN, E, G, G, PREITVIN, S, KAPFI, ZARRAR, LANDS, BRUN, E, G, G, UNDRUM, N, E, D, A, L, LEOU-BERNDUR, VEIKI, U, AGETUR, MOTA, FUR, D, A, FELAGI, A, D, I, L, I, DREITILL, TAR, TRE, MEI, D, U, R, STROTAR, B, A, K, S, A, R.

Lausnarorðið er Ómargur

Sudoku-lausnir



9	8	4	5	7	2	6	1	3
1	2	6	9	8	3	5	7	4
3	7	5	6	4	1	9	8	2
2	6	3	1	9	4	8	5	7
8	1	9	2	5	7	4	3	6
4	5	7	8	3	6	2	9	1
6	9	2	7	1	5	3	4	8
5	3	1	4	6	8	7	2	9
7	4	8	3	2	9	1	6	5

Lausn létt

4	7	2	5	1	8	6	9	3
6	5	9	4	3	7	8	2	1
1	3	8	9	6	2	7	4	5
8	4	3	6	2	1	9	5	7
9	2	1	7	5	4	3	8	6
5	6	7	3	8	9	4	1	2
2	9	6	1	4	3	5	7	8
3	8	4	2	7	5	1	6	9
7	1	5	8	9	6	2	3	4

Lausn miðlungs

9	8	2	3	5	7	4	1	6
5	6	4	8	9	1	2	3	7
1	3	7	2	4	6	9	5	8
7	9	6	1	3	2	5	8	4
4	5	8	7	6	9	3	2	1
3	2	1	5	8	4	7	6	9
8	7	3	9	1	5	6	4	2
2	4	5	6	7	8	1	9	3
6	1	9	4	2	3	8	7	5

Lausn erfið

	9	7	1	2				8
				5				
		2						9
5		3		1	9	7		
6			7		2			
	8						1	3
2				7			3	4
				3		1	5	
4	5		1		8			

Létt


	9		2		6	7		
			7		4			
	5	3	1					2
1				3				9
				2				5
			4	1		2		
					8	9		
6	7							3
								6

Miðlungs

				9				3
5	4		6					2
			2				9	
8			3	2	5			
		7						
				8		1		
		6				8		7
				7		5		
3	4							

Erfið

Sudoku-prautin felst í að leysa hana með því að fylla út í reitina, í hverjum 3x3-reit birtist tölur 1-9. Það verður að gerast þannig að hver níu reita lína bæði lárétt og lóðrétt birti einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.




Vinningshafi krossgátunnar



Lilja Marta Jökulsdóttir var dregin út í lukkuhjólínu að þessu sinni. 91 sendu inn lausnarorð til blaðsins. Lausnarorðið í krossgátunni í 4. tbl. 2023 var ÓMARGUR. Lilja er fædd árið 1991 og starfar sem forstöðukona á Frístundaheimilinu Dalheimum í Laugardal í Reykjavík. Hún hefur starfað í umönnun frá árinu 2012, var félagi í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar og síðar í Sameyki þegar það varð til. Lilja Marta var mjög ánægð með vinninginn og ætlar að bjóða mómmu sinni út borða.

„Ég er mjög ánægð að hafa verið dregin út í lukkuhjólínu. Ég sendi oftast inn krossgátulausn til tímaritsins. Mamma mín og ég leysum oft saman krossgátuna í tímaritinu. Það er reyndar hún sem er krossgátusnillingurinn. Okkur gekk vel að leysa krossgátuna núna. Ég ætla að fá peninginn, það verður næs að bjóða mómmu út að borða,“ sagði Lilja Marta.

Sameyki óskar Lilju Mörtu og mómmu hennar til hamingju með vinninginn. ■

						RÍKI Í AMERÍKU FORMAST		HLÁKA SKORAN		ÞYRPING		DULAR- BLÆR KVÍA		FÆR	
	→														
	TRUFLUN									FISKA					
	EINA									DEMBA					
	↶									SKEKKJA					
	GREMJA							TAKA GINNA							
	STAÐFESTA AFBRAGÐS										ÍSTRA		MÆDDUR		
		ÓLÆTI		Í RÖÐ	BORÐA SVARI			GÆLUNAFN	Einræði						1
	UMDÆMI						BLANDA KAUÐA						EKKI MÁL- STAÐUR		
			HANKI KÝLI						UMGERÐ VEITTIR						NÝR
ÆTÍÐ			SKRIDDÝR					3		ÓSKUÐU				2	
FÉLAGI			SKORPA							BRÚN					
↷				7	KVK NAFN SKÓLI				ÓLAG NEFNI						
ALDUR				GRÍPA ÖKUTÆKI		6					PIRRUÐ				
ÁVÖXTUR	SÖNG- LEIKUR ATFERLI						SPJALL GÁSKI						ROTNUN		
↷					STÆKKUÐU	STÖÐUET					FERSKUR VEIFA				
		ÖTULL	JARÐ- SPRUNGUR MAGN	4				VÖKVA		LANGAR GARGA				GAGNS- LEYSI	
ÞYNNU						BUGÐA NÖBRU						FÉLL LÆKKA			
FLANA				LAMPI				5	FYRIR						
SJÁVAR- DÝR SAMSKONAR							HIRSLA						VERKFÆRI		
↷				VANSÆMD					MATJURT						
	SKART						RÁNDÝR								

## Verðlaunakrossgáta

Krossgátan er fastur liður í tímariti Sameykis, félagsmönnum vonandi til mikillar ánægju og yndisauka. Hægt er að senda inn réttar lausnir og dregið verður úr þeim sem berast fyrir síðasta móttökudag, sem að þessu sinni er 15. apríl næstkomandi. Verðlaunin eru val á milli peningaupphæðar (20.000 kr.) eða helgardvalar í orlofshúsum félags-

ins frá 15. september til 1. maí að undanskildum páskum, jólum og áramótum. Nægilegt er að senda svarið ásamt nafni, kennitölu, heimilisfangi og símanúmeri til Sameykis, Grettisgötu 89, 105 Reykjavík. Vinsamlegast merkið umslagðið „Krossgáta“. Einnig má senda svar á netfangið [krossgata@sameyki.is](mailto:krossgata@sameyki.is) ■



# AÐALFUNDUR

Fimmtudaginn 21. mars 2024 kl. 16:30

Aðalfundur Sameykis verður haldinn 21. mars 2024 og hefst kl. 16:30 á Grand hótél Reykjavík við Sigtún 28 í fundarsalnum Háteigi. Aðalfundur Sameykis stéttarfélags í almannajónustu er æðsta vald félagsins og er opinn öllu félagsfólki í Sameyki. Aðalfundur félagsins skal halda fyrir lok marsmánaðar ár hvert.

## Dagskrá aðalfundar

- Stjórn félagsins gefur skýrslu um starfsemi félagsins á síðastliðnu ári
- Lagðir fram til samþykktar endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðð almanaksár
- Tekin ákvörðun um tillögur til laga-breytinga og breytinga á reglum sjóða
- Úrslit allsherjaratkvæðagreiðslu í stjórnarkjöri kynnt
- Kosinn löggiltur endurskoðandi félagsreikninga, tveir skoðunarmenn og tveir til vara
- Kosnir fimm einstaklingar í kjörstjórn og jafnmargir til vara
- Ákveðið árgjald félagsfólks og skipting þess milli sjóða
- Kosið í stjórn Orlofssjóðs, Vinnudeilusjóðs, Starfsmenntunarsjóðs og Styrktar- og sjúkrasjóðs skv. reglum þeirra
- Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram til samþykktar
- Ályktanir aðalfundar afgreiddar
- Önnur mál

